

Kortir til að
yfirgefa Heklu



Áramótablómin
springa út



FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Fréttir > 8

Lífið > 26

FRÉTTABLAÐIÐ

254. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 28. DESEMBER 2021



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, hélt kanadísk jól með fjölskyldu sinni á jóladag. „Við áttum okkar hátíð hér og nutum þess mjög. Ekkert okkar þurfti að fara í sóttkví eða einangrun. Maður þakkar fyrir það,“ segir Guðni. Hann segist horfa mikið út um gluggann þessa dagana og litur einkum til Keilis þar sem jörð hefur skolfið mjög að undanfögnu. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

Ræða ekki breytingar á sóttvarnareglum í dag

Núgildandi reglugerð vegna Covid verður ekki rædd á ríkisstjórnarfundum í dag. Yfirmaður Covid-göngudeildar segir róðurinn á deildinni þungan, mikið sé um smit hjá starfsfólki.

birnadrofn@frettabladid.is
elinhirst@frettabladid.is

COVID-19 Ekki stendur til að ræða breytingar á núgildandi reglugerð vegna Covid á ríkisstjórnarfundum í dag, en reglugerðin gildir til og með 12. janúar. Þetta kemur fram í svari Willums Þórs Þórssonar heilbrigðis-

ráðherra. Hins vegar séu ráðstafanir og mál því tengd sífellt til skoðunar.

Spurður um langar biðraðir sem myndast hafa vegna sýnatöku við Suðurlandsbraut segir ráðherra að samkvæmt framkvæmdastjóra hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafi þessar löngu biðraðir nú um jólahelgina verið vegna veikinda starfsmanna.

Verið sé að skoða möguleika á því að bæta þjónustuna, meðal annars með því að bæta mönnun, skoða aðstöðu og lengja opnunartíma. Ráðherra segir að heilbrigðisráðuneytið fylgist grannt með stöðu mála í góðu samstarfi við Heilsugæsluna.



Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra

Fjórtán einstaklingar lágu inni á Landspítala í gær með Covid-19, fimm voru á gjörgæslu, þrjú þeirra í öndunarvél. Yfir fjögur þúsund manns voru í einangrun í gær og segir Runólfur Pálsson, yfirmaður Covid-göngudeildar Landspítalans, róðurinn á deildinni þungan.

„Það eru þúsundir í umsjá deildarinnar núna og það er viðbúið að annar eins fjöldi bætist við næstu daga,“ segir Runólfur. Hann segir að einnig sé mikið um smit meðal starfsfólks deildarinnar sem auki enn á álagið á þau sem eru við vinnu.

Verklagið á göngudeildinni hefur þróast með faraldrinum og er ekki hringt í alla sjúklinga eins og gert var áður, notast sé meira við rafræn samskipti í gegnum Heilsuveru. Fólk fái þó gefið upp símanúmer sem það getur hringt í, hafi það alvarleg einkenni.

„Við erum einnig með kerfis-

bundna nálgun sem gerir okkur kleift að greina þá meðal smitaðra sem eru með alvarlega undirliggjandi sjúkdóma eða óbólusettir og við beinum kröftum okkar þangað,“ segir Runólfur.

Hann segir flesta þá sem séu smitaðir af veirunni nú ungt fólk með lítil eða jafnvel enginn einkenni, um helmingur þeirra sem liggja inni á sjúkrahúsi sé óbólusettur. Þá segir Runólfur veiruna mjög útbreidda í samfélaginu og minnir á mikilvægi þess að sinna persónubundnum sóttvörnum til að forðast smit. „Þannig er hægt að minnka líkurnar á smiti.“ ■


Mitsubishi Eclipse Cross PHEV

Tryggðu þér 4x4 tengiltvinnbíl
fyrir áramót!

Fullnýttu þér niðurfellingu virðisaukaskatts áður en ívilnanir tengiltvinnbíla verða lagðar af og sparaðu **960.000 krónur**. Eclipse Cross PHEV frá aðeins **5.490.000 kr.** og jólapakki fylgir!

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · hekla.is/mitsubishisalur

*Til áramóta eru ívilnanir stjórnvalda um niðurfellingu á virðisaukaskatti 960.000 kr. Nánar á mitsubishi.is



Sparaðu 960.000 kr.*
4 dagar til áramóta!



María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkrtrygginga Íslands.

Sjúkrtryggingar fækki starfsfólki

benediktboas@frettabladid.is

FJÁRLÖG Sjúkrtryggingar Íslands þurfa að segja upp 13-19 manns eða sem nemur 15 prósentum af mannafla stofnunarinnar vegna fjárvöntunar sem nemur 141 milljón króna.

Þetta kemur fram í bréfi Maríu Heimisdóttur forstjóra sem birtist á vef Alþingis í gær.

Í fjárlögum liggur fyrir að stofnunin fær 141 milljón minna fyrir komandi ár og því þarf að skera niður sem María er eðlilega ósátt við.

„Þetta mat, 141 milljón króna, er algert lágmark til að viðhalda núverandi starfsemi og halda áfram að taka lítil en markviss skref að uppbyggingu í góðu samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og Ríkisendurskoðun,“ segir í bréfi Maríu. ■

Styttist í áramót



Ungur drengur raðar vandlega stjörnuljósum í hillur hjá hjálparveit skáta í Kópavogi í gær, en sölustaðir eru opnaðir í dag klukkan 10 og stendur salan fram á gamlársmorgun. Til að tryggja sóttvarnir hvetja hjálparveitirnar fólk til að nýta sér langan opnunartíma og forðast öngþveiti sem skapast á síðustu stundu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Heilbrigðisráðherra gerði það rétta

elinhirst@frettabladid.is

„Heilbrigðisráðherra gerði það rétta í því sjálfskaparviti sem ríkisstjórnin hefur komið sér í,“ segir Sigmar Guðmundsson, varaformaður þingflokks Viðreisnar, um umdeilda ákvörðun Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra um að veita tónlistar- og veitingamönnum undanþágu frá sóttvarnareglum á Þorláksmessu.



Áframhaldandi vanræksla leiðir til þess að ríkið þarf að takmarka atvinnufrelsi fólks.

„Við erum enn og aftur að súpa seyðið af því að stjórnvöld hafa vanrækt skyldur sínar með þeim hætti



Sigmar Guðmundsson, varaformaður þingflokks Viðreisnar.

að það þarf ekki margar innlagnir á spítalann til að mannréttindi séu tekin af fólki og rekstrargrundvelli kippt undan fyrirtækjum,“ segir Sigmar.

„Áframhaldandi vanræksla leiðir til þess að ríkið þarf að takmarka atvinnufrelsi fólks með hægri hendi og veita undanþágu vegna meðalhófs og greiða bætur eða styrki með þeirri vinstri,“ segir hann. ■

Réttarlæknir ánægður með sannfærandi rassmælingu

Réttarlæknirinn Pétur Guðmann Guðmannsson gefur höfundum glæpaþáttanna Svörtu sanda hæstu einkunn fyrir að sýna endaparmsmælingu á líki við vettvangsrannsókn í fyrsta þætti enda vinnubrögðin í samræmi við það sem gerist í raun og veru.

odduraevar@frettabladid.is

SJÓNVARP Pétur Guðmann Guðmannsson réttarlæknir gerir flestar krufningar þegar vafasöm dauðsföll verða hér á landi. Hann segist ánægður með raunsæjar lýsingar á vettvangsrannsóknum í Svörtu söndum sem byrjað var að sýna á Stöð 2 um jólin.

Í fyrsta þætti voru rannsakendur meðal annars sýndir áætla dánartíma með því að taka líkamshitann með endaparmsmæli.

„Mér fannst þetta vera gert einstaklega vel og það er ýmislegt þarna sem ég hef bara ekki séð áður í svona krimmaþáttum,“ segir Pétur.

Svörtu sandar fjalla um eltingarleik lögreglukonunnar Anítu við hugsanlegan raðmörðingja í smábæ úti á landi og byggja á hugmynd rannsóknarlögreglumannsins Ragnars Jónssonar sem semur handritið ásamt leikstjóranum Baldvín Z og aðalleikkonunni Aldisi Amah Hamilton.

Pétur segist ekki hafa komið beint að ráðgjöf við handritsgerðina en þeir Ragnar þekktist vel í gegnum störf sín. „Ég var í raun bara á hliðarlínunni en við röbbuðum svolitíð um þetta óformlega og ég vissi að það stóð til að hafa þetta realískt. Ég var mjög hrifinn af þessu.“

Pétur segir endaparmsmælinguna á líkinu gott dæmi um hve raunsæja mynd þættirnir gefi af vinnubrögðum lögreglu við mörðrannsókn. „Mælingar í endaparm-



Hvergi er dregið úr í lýsingum á vettvangsrannsóknum í Svörtu söndum.

MYND/JULIETTE ROWLAND



Pétur Guðmann Guðmannsson, réttarlæknir

inn eru náttúrulega alveg bara alfa og ómega þess að skoða lík á vettvangi. Sérstaklega ef mann grunar eitthvað misjafnt.

Svo náttúrulega sér maður það að þeir eru að reyna að láta líkið lita út fyrir að vera stjarft, sem er líka nýtt. Maður sér það ekki oft og það er eitthvað sem öll lík sýna mjög vel. Þannig að þetta var frekar raunverulegt fannst mér hjá þeim,“ segir Pétur.

Hann segir þannig skína vel í gegn hversu vel Ragnar er að sér á þessu sviði. „Mér fannst þetta virkilega mikill metnaður hjá þeim að vilja hafa þetta, líkskoðunina og hvernig líkið kemur fyrir, svona raunverulegt. Þessu eru oft ekki gerð skil og sérstaklega í amerískum þáttum. Þar eru hlutirnir

oft bara einhvern veginn, svo lengi sem það hentar dramanu og þeir gefa sér mikið skáldaleyfi,“ útskýrir hann.

Pétur segir að endaparmsmæling sé þó ekki endilega það eina sem sé notað. „Maður þarf alltaf að reyna að gera dánartímarannsókn og aðalkjarninn í því er að mæla hitastigið í líkamanum. Þá er það um endaparminn eins og á sjúkrahúsi en það er líka hægt að velja að stinga mælinum inn í lifrina. Það er ekkert að því í sjálfu sér en allar nýlegar tölur miða við endaparminn.“

Pétur segir líkstjarnann svo vera lykilatriði og gert hafi verið ráð fyrir honum í þættinum. „Að brjóta líkstjarnann er líka eitt af því sem maður notar til að meta til dæmis dánartímann og hvað hann er kominn langt. Þessu hefur maður ekki séð gert hátt undir höfði í sjónvarpi áður, en þetta er grunnatriði.“

Hann segist gefa Svörtu söndum sína hæstu einkunn. „Þetta var mjög skemmtilegur þáttur og ég hlakka til að sjá hvernig verður með næstu lík sem ég geri ráð fyrir að muni duka upp.“ ■

ÚTSALA

Eldstæði frá Landmann



30% afsláttur

Fjöldi vara á útsölu
Sjá nánar á
www.grillbudin.is

Kr. 34.900

Fullt verð 49.900

Smíðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 554 0400

Grillbúðin
www.grillbudin.is



TOYOTA HIGHLANDER HYBRID
FÆR Í FLESTAN SJÖ
7 MANNA OG 4WD



Verð frá: 10.890.000 kr.

Toyota Hybrid hefur aldrei verið svona stór.

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Íslendingar eyða jafn miklu í fíkniefni og í almenningsmagn.

Hálft prósent að meðaltali í eiturylf

kristinnhaukur@frettabladid.is

NEYTENDUR Íslensk heimili eyða að meðaltali 4,7 prósentum í áfengi og tóbak en aðeins 2,9 prósentum í heilsu. Einnig fara 0,4 prósent í fíkniefni. Þetta kemur fram í nýrri greiningu á útgjöldum heimilanna fyrir árið 2020 hjá Evrópusambandinu.

Stærsti útgjaldaliðurinn er húsnæði, vatn og rafmagn, rúmur fjórðungur eða 26,8 prósent.

Næststærsti útgjaldaliðurinn er matur og óáfengir drykkir, alls 13,6 prósent, matur einn og sér telur 11,7 prósent. Inni í þessu er ekki matur sem keyptur er á veitingastöðum, hann telur 7 prósent til viðbótar. ■



Mesta skjálftavirknin er við Fagradalsfjall.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Átján þúsund skjálftar á viku

benediktboas@frettabladid.is

JARÐSKJÁLFTAR Síðan skjálftahrinan hófst við Fagradalsfjall fyrir viku hafa mælt rúmlega 18 þúsund skjálftar, þó nokkrir yfir 4,0 að stærð. Niðurstöður landmælinga með GPS-tækjum og gervitunglamyndum benda til þess að kvika sé ekki á ferðinni utan við það svæði sem gangurinn er á.

Niðurstöður mælinga undanfarna daga eru keimlíkar því sem sáust dagana fyrir eldgosid sem hófst 19. mars. Vísindaráð almanna- varna hittist á fjarfundi í gær og segir í tilkynningu að mikilvægt sé að sýna aðgát í nágrenni við gosstöðvarnar og að mælt sé gegn því að fara að gosstöðvum á meðan hrinan er í gangi. ■

Móðirin stolt af yngsta þingmanninum

benediktboas@frettabladid.is

FÓLK Ragnheiður Eiríksdóttir, móðir Gunnhildar Friðu Hallgrímsdóttur, sem varð í gær yngsti þingmaður Íslandssögunnar, var mjög stolt af dóttur sinni þegar hún settist á Alþingi í fyrsta sinn og skrifaði undir drengskaparheitið.

Gunnhildur er í jólafrí frá námi í Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og segir Ragnheiður að hún hafi



í gær tóku Gunnhildur og Lenya Rún Taha Karim sæti á Alþingi Íslendinga.

spurt hvort Gunnhildur vildi ekki njóta þess að vera námsmaður frekar en að þurfa að fylgjast með umræðunni hér heima og ef til vill setjast á Alþingi. „Hún sannfærði mig um að það væri ekkert mál að gera hvort tveggja og hún hefur staðið við það.“

Gunnhildur Friða var 19 ára og 241 dags gömul þegar hún settist á Alþingi en fyrra metið átti Karl Liljendal Hólmgeirsson sem var 20 ára og 355 daga gamall þegar hann tók

sæti árið 2018. Gunnhildur Friða er þekkt fyrir baráttu sína fyrir aðgerðum í loftslagsmálum og innleiðingu nýrrar stjórnarskrár.

„Við vorum einmitt að hlæja að því að þegar við hjónin vorum 19 ára þá vorum við með önnur forgangsríði í lífinu,“ segir Ragnheiður. „Hún hefur mikla trú á sjálfri sér og sínum verkum. Það sem ég hef helst áhyggjur af er að þetta er ansi harður heimur, þessi stjórnálaheimur.“ ■

Gagnrýnir aðstoð ríkisins við eina atvinnugrein á meðan aðrir fá ekkert

Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segist hugsi yfir því að bæta eigi bændum upp verðhækkunir á áburði með vísan í fæðuöryggi án þess að styðja innflytjendur matvæla með sama hætti.

ser@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Fyrir fjárlaganefnd liggur nú breytingatillaga meirihlutans þess efnis að bæta bændum landsins hækkun áburðarverðs sem þeir segja mjög íþyngjandi fyrir rekstur búa sinna og ógna fæðuöryggi í landinu.

Verðhækkunin stafar af samdrætti í framleiðslu og erfiðleikum í vöruflytningum á tímum heimsfaraldurs, en almennt hafa aðföng til atvinnugreina í landinu hækkað mjög í verði af þessum sökum.

Talsmenn annarra atvinnugreina en landbúnaðarins eru gagnrýnir á þessa fyrirætlun stjórnvalda og segja hana hafna yfir jafnræði, en samkvæmt tillögu ríkisstjórnar-flokkanna eiga 700 milljónir að renna aukalega til bænda á næsta ári til að bæta þeim hækkun áburðarverðs.

„Við erum óneitanlega hugsi yfir þessari ríkisaðstoð við eina atvinnugrein,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, og bendir á að mörg fyrirtæki í innlendra matvælaframleiðslu sjái nú fram á miklar hækkunir á aðföngum vegna margvíslegra vandkvæða í hinni alþjóðlegu aðfangakeðju. „Það hefur ekki komið til tals að koma til móts við þau í þágu fæðuöryggis,“ bætir Ólafur við.

Hann segir að hækkun á heimsmarkaðsverði á áburði hafi væntanlega áhrif jafnt á verð innlendra



„Bændur glíma hér við algeran forsendubrest,“ segir formaður Bændasamtakanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands

framleiðslu og innfluttra búvara. „Við spyrjum hvort það verði þá líka komið til móts við innflytjendur, í þágu fæðuöryggis. Og ef ekki, hvaða jafnræði er í því?“ spyr Ólafur Stephensen, en í því samhengi megi líka spyrja hvort áhrif á verð á kjöti og mjólk sé meira fæðuöryggismál en áhrif á verð ávaxta, grænmetis, hrísgrjóna eða pasta, svo dæmi sé tekið.

Gunnar Þorgeirsson, formaður

Bændasamtakanna, segir aftur á móti eðlilegt að koma sérstaklega til móts við íslenska bændur sem þurfa á ræktartúnum í greinum sínum að halda. Eitt sé að glíma við 20 til 30 prósentu verðhækkun á aðföngum, svo sem í rúlluplasti og umbúðum eins og eigi við í hans tilviki sem grænmetisbónda, en verðhækkunin í innfluttum áburði sé út úr öllu korti, um 120 prósent „og það sjá það allir,“ segir Gunnar „að bændur

glíma hér við algeran forsendubrest, í raun og sann neyðarástand,“ bætir hann við.

„Það getur engin atvinnugrein tekið álíka ósköp í gegnum verðlagið,“ heldur Gunnar áfram, „enda fer hið opinbera á öðrum Norðurlöndum alveg sömu leið og landbúnaðarráðherra leggur til hér á landi – og ráðherra á einmitt þakki skildar fyrir að bregðast hratt og vel við í þessum efnunum,“ segir Gunnar sem kveðst enn fremur furða sig á því, enn og aftur, að íslensk áburðarframleiðsla hafi verið lögð niður á sínum tíma „og sjoppunni einfaldlega lokað.“

En það séu nú einu sinni til talsmenn hér á landi sem vilji bara flytja allt inn, segir formaður Bændasamtakanna. ■

960.000 KR VSK VERÐHÆKKUN UM ÁRAMÓT*

ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID



JEEP COMPASS LIMITED

TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.999.000 KR.



JEEP RENEGADE TRAILHAWK

TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.199.000 KR.

*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000-960.000 um áramótið, vegna VSK hækkana. Nánari útskýringar fást hjá sölumönnum.

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep | axe

MUNUM EFTIR
FJÖLNOTA
POKUNUM

EKKI GLEÝMA
GRÍMUNUM

OPNUNARTÍMAR

UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

Priðjudagur 28. desember	11.00 - 18.00
<i>Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur</i>	10.00 - 20.00
Miðvikudagur 29. desember	11.00 - 18.00
<i>Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur</i>	10.00 - 20.00
Fimmtudagur 30. desember	10.00 - 20.00
Föstudagur 31. des. – gamlársdagur	9.00 - 14.00
Laugardagur 1. janúar – nýársdagur	Lokað
Sunnudagur 2. janúar	Lokað

 VÍNBUÐIN

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á vinbudin.is
Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

VERSLUM TÍMANLEGA FYRIR HÁTÍÐIRNAR
Það er rólegra hjá okkur fyrri hluta dagsins og vikunnar

Skynsamlegra að fyllast kappi og bjartsýni en drunga

adalheidur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, segir að þrátt fyrir allt geti þjóðin leyft sér hóflega bjartsýni um að ný afbrigði veirunnar reynist veikari með tímanum og þá hljóti varnir að taka mið af því. „Það vita það allir, og þríeykið þar með talið, að sóttkví, einangrun og smitgát og allar þessar leiðir geta aldrei verið vörn til eilífðarnóns, þótt við viljum ekki fella niður það sem vel hefur gefist núna á svipstundu,“ segir forsetinn.

Þótt hann fari ekki með formlegt stjórnskipulegt hlutverk á stundum sem þessum segist hann reglulega heyra í æðstu ráðamönnum. „Ég á alltaf mína reglubundu fundi með forsætisráðherra og fylgist með því sem ég þarf að fylgjast með. Svo hef ég nú í þessum faraldri leyft mér að heyra öðru hvoru í þríeykinu og heilbrigðisráðherra en þar fyrir utan hefur forseti engu stjórnskipu-



Þótt það sé við margan vanda að etja vona ég að fólk geti litið björtum augum fram á við. Við höfum séð það svartara.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands

legu hlutverki að gegna í þessum efnun,“ segir Guðni.

Hann segir að líkt og á öðrum sviðum þjóðfélagsins hafi faraldurinn sett mark sitt á embættið eins og annarra þjóðarleiðtoga. „Við ferðumst ekki jafn mikið og fundum



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, er í reglulegu sambandi við forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra og þríeykið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

og viðburðum fækkar sömuleiðis. Í hinu stóra samhengi skiptir það nú ekki miklu máli og ég kveinka mér ekkert undan því,“ segir hann.

Til stóð að halda jólaboð á Bessastöðum fyrir börn starfslíðs sendiráða auk árlegrar nýársmóttöku fyrir þingmenn og æðstu embættismenn. Hvort tveggja reyndist nauðsynlegt að fella niður að þessu sinni.

Aðspurður um áramótaávarpið og hvort hann hafi íhugað að nota kannski sama ávarp og í fyrra, í ljósi þess að við stöndum enn í sömu sporum, kímir Guðni. Hann segir að þótt margt sé enn óbreytt séum við þó reynslunni ríkari.

„Oft er það nú svo að við ráðum ekki öllu í þessu lífi en ráðum þó hvernig við bregðumst við. Langoftast er nú skynsamlegast að fyllast kappi og bjartsýni frekar en doða og drunga. Þannig að þótt það sé við margan vanda að etja vona ég að fólk geti litið björtum augum fram á við. Við höfum séð það svartara.“ ■



Mál fimm einstaklinga sem vilja fá einangrun sinni hnekktt voru flutt í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Um er að ræða fjóra fullorðna einstaklinga og eitt barn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Barn á meðal þeirra fimm sem stefna sóttvarnalækni

Aðalmeðferð fór fram í héraðsdómi í gær í máli fimm einstaklinga gegn sóttvarnalækni. Lögmaður þeirra telur ríkið geta verið skaðabótaskyldt vegna frelsisviptingar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

COVID-19 Mál fimm einstaklinga, sem vilja fá einangrun sinni hnekktt, voru flutt í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Eru það fjórir fullorðnir einstaklingar sem fengu jákvætt sýni í PCR-prófi og eitt barn sem sett var í einangrun vegna mikillar nálægðar við jákvæða einstaklinga.

Arnar Þór Jónsson, lögmaður þeirra, telur ríkið geta verið skaðabótaskyldt ef einstaklingar eru sviptir frelsi sínu með ólöglegum hætti. Það geti átt við um þúsundir mála hér á landi en meta þyrfti hvert og eitt, og hvernig samþykki fólks var háttáð. Í þessum málum sé hins vegar ekki verið að takast á um skaðabætur heldur að hnekkja einangruninni.

„Það að greinast jákvæður á PCR-prófi þýðir ekki að þú sért með sjúkdóminn og stórar erlendar rannsóknir benda til þess að einkennalausir einstaklingar smíti ekki,“ segir Arnar. „Nú er komið



Það yrði ekki gott ef það yrði dæmt að aðgerðir okkar séu ólöglegar og við þyrftum þá að skoða niðurstöðuna.



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

nýtt afbrigði sem virðist vera meira smitandi en minna hættulegt. Er þá forsvaranlegt að halda áfram að hneppa fólk í stofufangelsi, þegar veiran er komin út um allt? Það er réttur okkar og skylda, sem borgara í lýðfrjálsu samfélagi, að leita endurskoðunar á ákvörðunum stjórnvalda.“

„Það yrði ekki gott ef það yrði



Arnar Þór Jónsson, fyrrverandi héraðsdómari

dæmt að aðgerðir okkar séu ólöglegar og við þyrftum þá að skoða niðurstöðuna,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir aðspurður um málið sem embætti hans sækir til að fá einangrunina staðfesta.

Héraðsdómur hefur áður hnekktt sóttvarnaákvörðunum, það er þann 5. apríl síðastliðinn þegar vistun fólks sem kom frá áhættusvæðum á farsóttarhótelum var dæmd ólögleg. Þórólfur segist ekki vera uggandi í ljósi reynslunnar. „Við höfum líka unnið öll önnur mál,“ segir hann.

Þórólfur segir einangrunina mjög mikilvægt tól í baráttunni við Covid-19. „Allir sem starfa í þessum bransa eru sammála um það og alþjóðlegar stofnanir leggja mjög mikla áherslu á að einangrun sé beitt á þá sem eru smitaðir til að forða því að þeir smíti aðra. Það sama á við um sóttkví,“ segir hann. „Þetta er kjarninn í farsóttarfræðum.“ ■



Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Breikkun Reykjanesbrautar í Hafnarfirði

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Vegagerðarinnar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skiplag.is.



Umhverfismat

Matsáætlun í kynningu

Færsla Hringveggar um Mýrdal

Vegagerðin hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats á færslu Hringveggar um Mýrdal.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vefsíðu Vegagerðarinnar: vik-hringvegur.netlify.app og vef Skipulagsstofnunar www.skiplag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 27. janúar 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skiplag@skiplag.is.



Áramótabomba

28. desember - 3. janúar

HAGKAUP
SNYRTIVARA





Covid bitnar hart á íbúum Perú.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Níutíu þúsund misst foreldrana

gar@frettabladid.is

COVID-19 „Ég bý hjá frænku minni af því að mamma er dáin,” segir hin sjö ára Esperanza Zarate í Lima í Perú við fréttaritara Danmarks Radio.

Esperanza situr framan við hús frænku sinnar og segir fréttaritaranum frá því að móðir hennar hafi farið á spítala fyrir meira en ári síðan. Hún hafi aldrei séð hana aftur enda voru heimsóknir ekki leyfðar á kórónadeildina. Fimm dögum síðar hafi síminn hringt hjá frænku hennar og þeim verið tilkynnt að móðirin væri látin.

Fjöldi dauðsfalla í Perú af völdum Covid er sá mesti í heiminum. Þar hafa ríflega sex þúsund manns af hverri milljón íbúa fallið fyrir sjúkdómnum. Næst þar á eftir er Búlgaríá með um 4.400 látna á hverja milljón. Sama hlutfall á Ísland er í kring um um eitt hundrad eða sex-tíufalt lægra en í Perú.

Saga Esperónzu er þannig alls ekki einsdæmi í Perú. Að sögn Danmarks Radio er hún ein næstum því níutíu þúsund barna sem misst hafa framfaranda sinn vegna Covid í landinu. Yfirvöld tala um þessa hliðarverkun sem hinn leynda faraldur. Börnin þurfi bæði að lifa með áfallinu af því að misst annað eða báða foreldra sína og að auki sé þessi staða þeirra ávisun á að þau lendi í sárafátækt. ■



Langflestum landsmönnum þykir maltið ómissandi með jólamatnum.

Tuttugu glös af jólagosi á mann

bth@frettabladid.is

NEYTENDUR Gera má ráð fyrir að hver Íslendingur neyti að meðaltali 20 glasa af jólagosi Ólgerðarinnar í aðdraganda jóla og fram í janúar að sögn Gunnars B. Sigurgeirssonar, aðstoðarforstjóra fyrirtækisins.

Gunnar segir að þrátt fyrir áskoranir líkt og dósaskort hafi fyrirtækinu tekist að framleiða nægt magn fyrir hátíðina. „Salan byrjaði fremur rólega en tók svo við sér um leið og kólnaði og jólin fóru að nálgast,” segir hann.

Sykurskert útgáfa af malti og appelsíni hefur slegið í gegn að sögn Gunnars. Óbreytta útgáfan af malti standi þó alltaf fyrir sínu, en drykkurinn sem lofar „hraustlegu og góðu útliti“ kom fyrst á markað árið 1913. „Það er auðvitað einstakt að drykkjarvara lifi nánast óbreytt í á annað hundrad ár,” segir hann. ■

Segist aldrei myndu fara með hóp á Heklu

ser@frettabladid.is

JARÐFRÆÐI Almannaþingur og lögreglustjórnir á Suðurlandi hafa ákveðið að virkja SMS-skilaboð sem verða send til fólks sem fer inn á fyrirfram skilgreint svæði umhverfis Heklu, en nú er þétt innstreymi í kvikugeyminn undir fjallinu sem getur byrjað að gjósa með litlum sem engum fyrirvara.

Lögreglustjórnir á Suðurlandi varar fólk við því að fara í göngu á Heklu – og undir þau varnaðarorð



Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur

taka vísindamenn sem þekkja dynti fjallsins.

„Ég myndi aldrei fara með hóp á Heklu sem ábyrgur leiðsögumaður,” segir Freysteinn Sigmundsson,

jarðeðlisfræðingur á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, en hann segir Heklu vera óútreiknanlega. „Ég myndi finna mér önnur fjöll til að ganga á.“

Hann segir Heklu sérstaka fyrir þær sakir hversu stuttur fyrirvari er á eldgosum í fjallinu. „Það þurfa ekki nema fimmtán mínútur að liða á milli fyrstu vísbendingar um að gos sé að hefjast og að jörðin opnast,” segir hann og minnir á að ganga á Heklu, fram og til baka, taki um fimm klukkutíma. „Og það vill

enginn standa á toppi Heklu í ham og eiga alla niðurleiðina eftir,” bætir hann við.

Freysteinn segir Heklugos oftast byrja með gossprungu uppi á háfjallinu – og gosbyrjunin sé hættulegust, „en svo leitar virknin neðar með tímanum og kraftur gossins minnkar,” segir hann.

Mislangt hefur verið á milli síðustu gosa í Heklu, en hún spjó eldi síðast 2000, þar áður 1991, á árunum 1980 og 1981, 1970, 1947 og 1845. ■

Desmond Tutu hafði gott skopskyn segir Hannes Heimisson sendiherra

Hannes Heimisson, núverandi sendiherra í Stokkhólmi, tók viðtal við Desmond Tutu, erkebiskup í Suður-Afríku, sem nú er látinn, árið 1985 en þá var Hannes blaðamaður á DV.

elinhirst@frettabladid.is

MANNRÉTTINDI „Fundarstaðurinn var kirkjan Tutus í miðborg Jóhannesarborgar. Kirkjan var lítil og látlaus. Hann tók á móti mér ásamt ritara sínum. Hann hafði greinilega gott skopskyn þrátt fyrir að hann væri að kljást við afar alvarlegt stjórnmálaástand í landinu þar sem hann var í forystuhlutverki fyrir stjórnarandstöðuna. Það sem mér fannst einkenna Desmond Tutu erkebiskup þegar ég hitti hann var hvað hann var vinalegur og síhljandi,” segir Hannes Heimisson, sendiherra í Stokkhólmi, sem tók viðtal við Tutu þegar hann var blaðamaður á DV árið 1985. „Ég fékk afskaplega hlýjar móttökur hjá honum.“

Tutu sem var einn helsti baráttumaðurinn gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku, lést á annan jóladag 90 ára að aldri. Hann hlaut meðal annars friðarverðlaun Nóbels árið 1984 og var náinn samstarfsmaður Nelsons Mandela, sem síðar varð forseti Suður-Afríku.

„Málefni Suður-Afríku og kynþáttaaðskilnaðarstefnan voru mál mála á þessum tíma,” segir Hannes. „Desmond Tutu var nýbúinn að fá friðarverðlaun Nóbels sem var mikil alþjóðleg viðurkenning á afletri stöðu mála í Suður-Afríku þar sem aðskilnaðarstefna milli hvítu manna og svartu var í fullu gildi. Við á DV vildum fara á staðinn og kafa aðeins dýpra. Ég dvaldi þarna í þrjár vikur. Mér tókst að ná viðtali við Tutu fyrir tilstilli Hilmars Kristjánssonar, ræðismanns Íslands í Suður-Afríku. Annars hefði það aldrei gengið að ná viðtali við þennan fræga mann.“

Fundarstaðurinn var kirkjan hans í miðborg Jóhannesarborgar. Kirkjan var lítil og látlaus. Tutu tók á móti mér ásamt ritara sínum. Hann hafði



Desmond Tutu erkebiskup og Hannes Heimisson þá ungar blaðamaður. Hannes segir að Tutu hafi verið einstakleg geðþekkur og glaðlegur maður.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

greinilega gott skopskyn þrátt fyrir að hann væri að kljást við afar alvarlegt stjórnmálaástand í landinu þar sem hann var í forystuhlutverki fyrir stjórnarandstöðuna.

Hannes segir að Tutu hafi verið mjög forvitinn um Ísland. „Hann sagði mér að ég væri fyrsti Íslendingurinn sem hann hitti á ævi sinni. Hann vissi hins vegar töluvert um landið og að við hefðum valið Vigdísí Finnbogadóttur sem fyrsta kvenforsetann í heimi í lýðræðislegum kosningum. Honum þótti greinilega mikið til þess koma. Þá fann ég mjög jákvætt viðmót hans gagnvart Norðurlöndunum sem voru í fararbroddi gegn aðskilnaðarstefnunni í

Suður-Afríku á þessum tíma og augljóst að það vissu menn vel í Suður-Afríku. Tutu sýndi mér kirkjuna og sagði mér ítarlega frá safnaðarstarfinu, en kirkjan hans var í raun miðpunkturinn fyrir stjórnarandstöðuna þar sem menn komu reglulega saman og efldu andann,” segir Hannes. „Hann talaði um hvað það væri spennandi að hitta Íslending og gekk um og sýndi mig og sagði að ég væri mjög sjaldgæft fyrirbæri og hló dátt.“

Um leið og Tutu var forystumaður innan kirkjunnar var hann í forystu fyrir stjórnarandstöðuna en ekki mátti fangelsa kirkjunnar menn eins og hann, þannig að hann var



Hann sagði mér að ég væri fyrsti Íslendingurinn sem hann hitta á ævi sinni.

Hannes Heimisson, sendiherra og fyrrverandi blaðamaður DV

friðhelgur. Öðru máli gegndi um Nelson Mandela sem síðar varð forseti Suður-Afríku, hann var í fangelsi á þessum tíma, að sögn Hannesar.

„Ég hitti doktor Motlana, heimilislækni Nelsons, og Winnie Mandela á veitingahúsi og borðaði með honum til þess að reyna að afla fregna um Nelson Mandela, en það var lítið upp úr því að hafa, því miður. Á þessum tíma var Mandela einangraður í fangelsi og gat ekki haft mikil samskipti við umheiminn. En ég fann að baráttan var sterk og lifandi og skynjaði mikinn baráttuhug meðal blökkumanna,” segir Hannes.

„Ég náði líka fundi með Louis Nel, innanríkisráðherra landsins og talsmanni hvítu minnihlutastjórnarinnar, sem hafði verið gagnrýnd harðlega fyrir miskunnlausar aðgerðar gegn mótmælendum og mannréttindabrot.“

Ég fann mikið fyrir því hvað spennan var mikil þarna. Ég hafði verið varadur við því að vera hvítur maður einn á ferli í Jóhannesarborg sem þótti ekki öruggur staður um þessar mundir. Blökkumenn máttu aðeins vinna inni á svæðum hvítu en þurftu að búa í aðskildum hverfum fyrir blökkumenn eins og Soweto og Alexandríu, þar sem fátækt var yfirleitt mikil og mjög róstusamt,” segir Hannes Heimisson sendiherra. ■

Sjötta bylgjan setur Spánverja í klemmu


gar@frettabladid.is

COVID-19 Sannkallaður kórónaveirustormur gengur nú yfir Spán að sögn dagblaðsins El País. Omíkrón-afbrigðið hefur dreift sér hratt um jóln, fær sötvarnahömlur séu í gildi og ónæmi fólks hafi gefið eftir.

„Hið nýja afbrigði veirunnar skapar óreiðutilfinningu hjá borgurum í ljósi hárra smittalna,” segir El País. Nýgengi smita hafi í þessari

sjötta bylgju faraldursins hækkað í 911 smit á hverja 100 þúsund íbúa yfir tveggja vikna tímabil. Það sé það hæsta nokkru sinni, meira en þegar verst hafi látið í þriðju bylgjunni í fyrra. Nefna má til samburðar að sama smittala á Íslandi var í gær 1.171.

Sérfræðingur á Spáni vara nú að sögn El País við því að komið geti að því að heilbrigðiskerfið standist ekki álagið þótt sjúkrahúsin séu enn með tók á vandanum. ■



Skimað í Madrid.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

SÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Reykjavík - Vesturbær

- Risaflugeldamarkaður björgunarstöðinni Gróubúð, Grandagarði 1
- við Sundlaug Vesturbæjar

Seltjarnarnes

- Björgunarstöðin Gaujabúð við Suðurströnd

Reykjavík - Austurbær

- Risaflugeldamarkaður húsi Flugbjörgunarsveitarinnar, við Flugvallaveg
- í Skeifunni
- við Holtagarða
- við Lág múla
- Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a
- Kringlan (við World Class)

Reykjavík - Grafarvogur

- Spöngin
- Egilshöll

Reykjavík - Breiðholt

- við verslunina Nettó í Mjódd

Reykjavík - Árbær/Höfði

- Risaflugeldamarkaður í Hjálparveitarhúsinu að Malarhöfða 6
- í Fylkisstúkunni
- Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123 (við Bónus)

Reykjavík - Grafarholt

- Húsasmiðjan við Vínlandsleið

Reykjavík - Norðlingaholt

- Norðlingabraut 1

Kópavogur

- Risaflugeldamarkaður björgunarmiðstöðinni við Bryggjuvör, Bakkabraut 4
- Kraftvélar, Dalvegi 6-8
- við Salalaug, Versölum
- Krónan við Vallarkór 4

Garðabær

- Risaflugeldamarkaður við Bæjarbraut
- Kaupún á móti IKEA
- Haukshús á Álftanesi

Hafnarfjörður

- Risaflugeldamarkaður Björgunarmiðstöðinni Hvaleyrarbraut 32 (aðkoma frá Lónsbraut)
- Flatahrauni 48, (við Hvalshúsið)
- Tjarnarvellir

Mosfellsbær

- Björgunarsveitarhúsið, Völuteigi 23
- við KFC (Háholt 9)

SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

Akranes

Björgunarmiðstöðin, Kalmansvöllum 2

Borgarnes

Digranesgötu 2

Borgarfjörður

Bútækni húsið á Hvanneyri
Björgunarsveitarhúsið
Þorsteinsbúð, Reykholti

Snæfellsnes sunnanvert

Björgunarsveitarhúsið, Laugagerði

Stykkishólmur

Björgunarsveitarhúsið,
Nesvegi 1a

Grundarfjörður

Björgunarhúsið, Sólvöllum 17a

Rif

Björgunarstöðin Von,
Hafnargötu 1

Búðardalur

Björgunarsveitarhúsið,
Vesturbraut 12

Reykhólar

Björgunarsveitarhúsið,
Suðurbraut 5

Patreksfjörður

Björgunarsveitarhúsið
Sigurðarbúð við Oddagötu

Bíldudalur

Björgunarsveitarhúsið
Hafnarbraut 12

Barðaströnd

Briánslækur

Tálknafjörður

Björgunarsveitarhúsið
v/Strandgötu 42b

Súðavík

Björgunarsveitarhúsið, Ákabúð

Ísafjörður

Félagshúsið Hnífsdal

Bolungarvík

Björgunarsv.húsið, Hafnargötu 60

Flateyri

Félagshúsinu

Suðureyri

Félagshúsið Súgfirðinga

Pingeyri

Björgunarsveitarhúsið
Stefánsbúð

Drangsnæs

Björgunarsveitarhúsið,
Grundargötu 21

Hólmavík

Rósubúð, Höfðagötu 9

Blönduós

Hafnarbraut 6

Skagaströnd

Í húsi Rauða krossins

Hvammstangi

Björgunarsveitarhúsið
Húnabúð, Höfðabraut 30

Hofsós

Björgunarsveitarhúsið við
Skólagötu 1

Varmahlíð

Björgunarstöðin við
Sauðárkróksbraut

Sauðárkrókur

Björgunarsveitarhúsið
Sveinsbúð, Borgarröst 1

Siglufjörður

Þormóðsbúð,
Tjarnargötu 18

Eyjafjarðarsveit

Hrafnagilsskóli

Ólafsfjörður

Námuvegi 2, (vestanverðu)

Akureyri

Risaflugeldamarkaður í
húsnæði björgunarsveitarinnar
Súlna, Hjalteyrargötu 12

Grenivík

Björgunarsveitarhúsið
Ægisbúð

Dalvík

Gunnarsbraut 4

Hrísey

Björgunarsveitarhúsið,
Ægisgötu 13

Grimsey

Björgunarsveitarhúsið

Svalbarðseyri

Valsárskóli

Aðaldalur

Hjálparveitarhúsið, lðjurgerði 1

Kópasker

Björgunarsv.húsið, Bakkagötu 6

Pingeyjarsveit

Björgunarsveitarhúsið að
Stóru-Tjörnnum, Melgötu 9

Raufarhöfn

Björgunarsv.húsið Stjörnubúð

Mývatnssveit

Björgunarsveitarhúsið,
Múlavegi 2

Þórshöfn

Björgunarsv. húsið Hafliðabúð,
Fjarðarvegi 6

Bakkafjörður

Björgunarsveitarhúsið Arnarbúð

Vopnafjörður

Björgunarsveitarhúsið Vogabúð

Egilsstaðir

Björgunarsveitarhúsið,
Miðási 1-5

Seyðisfjörður

Björgunarsveitarhúsið,
Hafnargötu 17

Eskifjörður

Slysavarnahúsið, Strandgötu 11

Reyðarfjörður

Björgunarsv.húsið Þórðarbúð

Borgarfjörður eystri

Björgunarsveitarhúsið Heiði

Djúpivogur

Sambúð, Mörk 12

Neskaupstaður

Nesgata 6

Breiðdalsvík

Björgunarsv. húsið,
Selnesi 8

Fáskrúðsfjörður

Slysavarnahúsið, Grímseyri 9

Hornafjörður

Hús Björgunarfélagsins,
Álaugarvegi 9

Kirkjubæjarklaustur

Björgunarstöðin á lðjuvöllum

Skaftártunga

Björgunarsveitin Stjarnan

Álftaver

Björgunarsveitin

Vík

Björgunarsveitarhúsið,
Smíðjuvegi 15

Eyjafjöll

Heimaland
Björgunarsv.húsið, Bræðrabúð

Hvolsvöllur

Björgunarsveitarhúsið,
Dufþaksbraut 10

Landeyjar

Björgunarsveitarhúsið
Sléttuból

Hella

Flugbjörgunarsveitarhúsið,
Dyngskálum 34

Vestmannaeyjar

Björgunarfélagshúsið,
Faxastíg 38

Flúðir

Björgunarsveitarhúsið,
Smíðjustíg 8

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi

Biskupstungur

Bjarkarbraut 2, Reykholti

Selfoss

Björgunarmiðstöðin, Árvegi 1
Austurvegi 23

Stokkseyri

Sóluskúr vestan við
kraftlyftingahúsið

Eyrbakkir

Björgunarsveitarhúsið,
Búðarstíg 21

Hveragerði

Hjálparveitarhúsið,
Austurmörk 9

Reykjanesbær

Björgunarsveitarhúsið,
Holtsgötu 51

Sandgerði

Björgunarsveitarhúsið,
Austurgarði 4-6
(við höfnina)

Vogar

Björgunarskýlið,
lðndal 5

Garður

Björgunarsveitarhúsið
Þorsteinsbúð

Grindavík

Björgunarsveitarhúsið,
Seljabót 10



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Víðtækt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga mannlífum, verðmætum og koma í veg fyrir slys. Um eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum. Tryggðu eigið öryggi og verslaðu flugeldana af okkur.

Þú getur einnig verslað flugeldana á www.flugeldar.is



Í Rinarhéraðum Pýskalands undirbjó Stephan Ackermann biskup gjafirnar fyrir jólin í páfamessu í dómkirkjunni á jóladag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hátíðarhöld víða um heiminn

Jólahátíðin er heilög stund þar sem mismunandi siðir og venjur ríkja. Þrátt fyrir að heimsfaraldur hafi sett strik í reikninginn í annað sinn virðist fólk hafa notið hátíðarinnar.

ninarichter@frettabladid.is



Palestínskur maður og sonur hans klæddu sig upp sem jóla-sveinar þegar þeir tóndu jarð-arbei í bænum Beit Lahiya á Norður-Gasa-svæðinu.

Hátíðleg stund í Kiev í Úkraínu á jóladag þar sem fólk klæddi sig í þjóðbúninga og söng jólalög.



Íbúar í Bresku-Kólumbíu í Kanada skoða ljósin við Lafarge-vatnið á jóladag.



Fólk lagðist til sunds í Felixstowe í Suffolk á Englandi, á jóladag.

Upplifðu ógleymanlegar arabískar nætur



4. - 13. febrúar

Ævintýraferð í beinu
leiguflugi með **Icelandair**

Flug og gisting frá **259.900 kr.**

Dubai, Abu Dhabi & Ras Al-Khaimah

Flottar strendur, ljúffengur matur og glæsileg hótél – allt þetta og fleira
finnurðu í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. VITA býður upp á frábæra
ferð til Dubai, Abu Dhabi og Ras Al-Khaimah með þaulreyndum fararstjórum.
Upplifðu hlýja arabíska gestrisni og ógleymanlega menningu á framandi slóðum.



Fararstjórar

Draupnir Rúnar Draupnisson og Póra Valsteinsdóttir
verða farþegum innan handar og bjóða upp á frábærar
skoðunarferðir.

— Skelltu þér í ævintýraferð á vita.is

vita

Blái depillinn



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Við vitum ekki til þess að líf geti próast á nokkrum öðrum stað í alheiminum en hér á jörðinni. Á jóladag var James Webb-geimsjónaukanum skotið út í geim frá Evrópsku geimstöðinni í Frönsku Gvæjana í Suður-Ameríku. Rísasjónaukinn er talinn með helstu vísindaafrekum á þessari öld. Meðal verkefna hans er að leita að lífi annars staðar í alheiminum og reyna að varpa ljósi á hvernig heimurinn varð til.

Fyrstu myndirnar sem teknar voru af Jörðinni langt utan úr geimnum úr geimfarinu Voyager 1 árið 1990 sýndu heimkynni okkar í alveg nýju ljósi. Á myndinni birtist jörðin okkur sem örlítill viðkvæmur ljósblár depill einhvers staðar í óráddum alheimsins.

Svo vitnað sé til orða Carls Sagan, hins fræga stjörnuvísindamanns og sjónvarpsmanns, þá er þessi litli ljósblái depill VIÐ og allt sem VIÐ eigum. Jörðin er eina heimili okkar. Á jörðinni búa allir sem við elskum, allir sem við þekkjum, allir sem við höfum nokkurn tíma heyrt um.

En hver myndi trú á því að við séum komin vel á veg með að eyðileggja þennan einstaka stað, litla bláa depillinn? Eins og fyrr segir var James Webb-sjónaukanum skotið upp frá Evrópsku geimstöðinni í Frönsku Gvæjana, sem staðsett er í stærsta frumskógi heims, Amazon-frumskóginum. Hann hefur stundum verið kallaður lungu heimsins. Svæðið gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í að binda koltvísyring (CO₂) og framleiða súrefni. Mikilvægi Amazon felst hins vegar ekki síður í því að þar er að finna heimkynni dýra og plantna sem samanlagt mynda mesta líffræðilega fjölbreytileika á Jörðinni.


Engu að síður höfum við farið hamförum undanfaran ár og áratugi við að eyðileggja Amazon-skóginn, ryðja hann, brenna og þrengja að dýralífi hans svo hægt sé að stunda námuvinnslu á svæðinu. Þá hefur stór hluti frumskógarins verið brotinn undir landbúnaðarframleiðslu, einkum nautgriparækt.

Skeytingarlausir stjórnálamenn eins og Jair Bolsonaro Brasíliuforseti komast upp með að eyðileggja Amazon sem líklegast er einhver dýrmætasti staður á Jörðinni í náttúrulegu tiliti. Þar með hefur mikilvægum náttúrulegum ferlum og jafnvægi sem eru hluti af hringrás lífs á Jörðinni verið illilega raskað.

Á sama tíma og við getum horft stolt á nýjasta vísindaafrek okkar, James Webb-rísasjónaukanum, sem enn eina sönnun þess hvers mannkynið er megnugt, erum við að fremja heimskulegasta verknað sem um getur. Við erum að eyðileggja náttúruna sem heldur okkur á lífi. Við erum að rústa litla bláa depilinum sem gæti verið einstakur í alheiminum. ■

”
Hver myndi trú á því að við séum komin vel á veg með að eyðileggja þennan einstaka stað?

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arnartomas@frettabladid.is

Syndugar buxur

Ræða Búllu-Tomma um bág kjör eldri borgara í gærmorgun var fljót að gleymast þegar hann afsakaði sig í kjölfarið klökkur í pontu fyrir að hafa brotið gegn siðareglum Alþingis skömmu fyrir jól. Það er ekki ljóst í hvaða hring vísit Dante hann mun rata fyrir að hafa mætt í gallabuxum á Alþingi en vilji hann syndaaflausn væri best að biðja um leiðsögn frá Lenyu Rún sem tókst að púlla stuttbuxur í þingsal. Jóhann Páll Jóhannsson vakti eftirtekt með hári sem náði vel fram fyrir hann sjálfan.

Plágurnar berjast

Reipitög pláganna sem herja á landið heldur áfram og hafa jarðhræringar gefið í á undanförunum dögum eftir gott gengi veirunnar um jólin. Nú er flaggskip þeirra Hekla farin að láta öllum illum látum og hafa almannavarnir ákveðið að senda SMS á íbúa umhverfis fjallið ef hún tæki nú upp á því að gjósa fyrirvaralaust. Þessi upplýsingagjöf stjórnvalda í undanfara náttúruhörmunga rekur fyrirmynd sína til Rómaveldis en því miður fyrir íbúana í Pompei eru papýrusrullur helst til hægari samskiptamáti en SMS. ■

Velferðarfjarlög



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir
þingmaður Vinstri grænna og formaður fjárlaganefndar

Gert er ráð fyrir 180 milljarða halla á ríkissjóði á næsta ári, það nemur um 5% af VLF. Þrátt fyrir það gera fjarlög ársins 2022 ráð fyrir áframhaldandi fjárfestingum af hálfu ríkisins, fyrst og fremst í velferðarþjónustu.

Ný heilbrigðisstefna til 2030 markar stefnu fyrir heilbrigðiskerfið á komandi árum. Stærsta einstaka fjárfestingarverkefnið er eins og áður bygging nýs Landspítala, en gert er ráð fyrir að verja til þess 14 milljörðum árið 2022, þá fær Landspítalinn 2,6 milljarða framlag til að bregðast við heimsfaraldrinum með opnum sex hágsælurýma, 30 nýrri endurhæfingarrýma og sérstakrar farsóttardeildar í Fossvogi. Talsverð aukning er til heilsugæslunnar, eða um 800 milljónir, sem miðar að því að lækka enn frekar greiðsluþátttöku sjúklinga og að styrkja heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu. Áfram er aukid í framlög til geðheilbrigðisþjónustunnar, ekki síst fyrir börn og ungmenni, og þá er sérstök áhersla á að efla forvarnir og styrkja geðheilsuteymi út um land.

Sú viðbótarhækkun sem kemur á bætur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega nú um áramótin fer sannarlega í vasann þar sem skerðingarlutfall af grunnlífeyri og aldurstengdrar örorkuuppþótar fer úr 25% í 11%. Þetta eru fyrstu skrefin í áttina að gagnsærra og réttlátara kerfi sem að tekið verður til gagnarrar endurskoðunar á kjörtímabilinu. Einnig verður frítækjumark eldri borgara tvöfaldað nú um áramótin og verður þá 200 þúsund.

Síðan heimsfaraldurinn skall á hefur ríkisfjármálunum verið beitt af áður óþekktum krafti sem hefur skilað sér bæði í auknum efnahagsumsvifum og betri skuldastöðu en áður var gert ráð fyrir. Atvinnulífið hefur tekið við sér og atvinnuleysi minnkað. Það er afar mikilvægt að endurheimta styrka fjárhagsstöðu ríkissjóðs og tryggja sjálfbærni ríkisfjármála til lengri tíma og til þess þurfum við aukna verðmætasköpun. Að sama skapi þurfum við að styðja við umhverfi lágra vaxta, hóflegar verðbólgu. Það er forgangsmál ríkisstjórnarinnar að stuðla áfram að efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Þannig tryggjum við velferð almennings í neyðarástandi, í kreppu. ■

”
Það er forgangsmál ríkisstjórnarinnar að stuðla áfram að efnahagslegum og félagslegum stöðugleika

Brautirnar eru fánlegar með mjúklökun

Mikið úrval rennihurðabrauta frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN & GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Gerum félagskerfi vinnumarkaðarins betra



Helga Guðrún Jónasdóttir
stjórnarmaður í
Atvinnufélaginu

Atvinnufélagið, AFJ, félag einyrkja, lítil og meðalstór fyrirtæki, var stofnað 31. október á þessu ári og hefur vakið mikla athygli. Mikill áhugi er á félaginu og baráttumálum þess og ætti ekki að koma á óvart enda þörfin brýn að gæta betur að hagsmunum þessara fyrirtækja.

Bilið hefur breikkað

Á undanförunum 30 árum hafa verulegar breytingar átt sér stað í fyrirtækjaflóru landsins. Geti fyrirtæki stækkað og styrkt þannig samkeppnisstöðu sína, gera þau það. Það hefur gerst í fjölda atvinnugreina í sjávarútvegi, verslunarrekstri, bankastarfsemi og fleiri greinum. Það er jákvætt ef það gerist ekki á kostnað þeirra sem minni eru. Sum fyrirtæki ná þeirri „eftirsóknarverðu“ stöðu að verða „of stór“ til að falla. Ícelandair hefur lengi haft þessa stöðu innan íslensku ferðaþjónustunnar og minnstu munaði að bankakerfið yrði skilgreint þannig árið 2008. Önnur fyrirtæki verða það stór að þau telja sig eiga að ráða leikreglum samkeppninnar og samfélagsins.

Þrátt fyrir þessar breytingar í undirstöðum atvinnulífsins, hefur félagskerfi vinnumarkaðarins lítið breyst. Afleiðingar þess birtast fyrst og fremst í því að hagsmunir stórfyrirtækja eru allsráðandi fyrirtækjamegin innan þessa kerfis, sem er byggt upp á þeirri meginreglu að þeir ráða sem borga mest og þar sem völdin eru mest m.a. í formi skipunar stjórnar. Það er að mati AFJ bagaleg þróun, ekki hvað síst fyrir þá sök að langstærsti hluti launafólks starfar sem einyrkjar eða hjá litlum og meðalstörum fyrirtækjum.

Innbyggð mismunur í gjaldtöku og fjármálakerfinu

Þegar litill eða enginn greinarmunur er gerður á milli litilla og stórra í opinberri gjaldtöku og álögum þá leggst kostnaðarbyrði hlutfallslega mun þyngra á þá sem smærri eru, hvort sem það er útvarpsgjald eða margvíslegar álögur. Þessi kerfislega mismunur gerir því smærri fyrirtækjum erfiðara að keppa sem getur dregið úr samkeppnishæfni eða skekkt samkeppnisstöðu fyrirtækja á hefðbundnum samkeppnismörkuðum. Þá er fjármálamarkaðurinn hér á landi með þeim ósköpum gerður að lánaþyrrigreiðsla á eðlilegum kjörum er afar erfið hjá smærri fyrirtækjum enda hlýtur hagnaður bankakerfisins að koma þaðan. Stóru fyrirtækin hafa aðrar leiðir til fjármögnunar, hlutfjártaukningar, lántöku erlendis eða útgáfu skuldabréfa.

Lífeyrissjóðakerfið er sérstaklega sniðið að stórum skráðum fyrirtækjum eins og það séu þau einu arðsömu. Þar virðist ekki horft í áttina að litlu og meðalstöru fyrirtækjum í fagfjárfestingum fyrr en þau hafa stækkað og þá hækkað verulega í verði. Atvinnufélagið vill leggja áherslu á breytingar á þessu í góðu samstarfi við lífeyrissjóðina. Margt gott má segja um stefnu ríkisstjórnarinnar því þar er loksins lögð áhersla á að lífeyrissjóðir geti ávaxt að eignir sínar með fjölbreyttari, en jafnframt öruggum hætti. Loksins verði fest í sessi heimild fyrir lífeyrissjóði að eiga yfir 20% í nýsköpunar- og vaxtarsjóðum og meiri skilningur á mikilvægi innviðafjárfestinga þar sem mörg lítil og meðalstór fyrirtæki starfa um land allt. En til að þetta raungerist þurfa fulltrúar litilla

og meðalstórra fyrirtækja að sitja í stjórnun lífeyrissjóða, en ekki eingöngu fulltrúar stóru turnanna SA og ASÍ.

Síðast en ekki síst endurspeglar kjarasamningar ekki þann rekstrarveruleika sem lítil og meðalstór fyrirtæki standa andspænis nema að takmörkuðu leyti. Svo virðist sem fyrirtæki séu bundin að lögum hvað kjarasamning SA og ASÍ varðar, hvort heldur þau eru aðilar að samtökunum eða ekki. Þessi vandi hefur farið vaxandi undanfarin ár og bendir flest til þess að hann

muni aukast enn frekar á komandi árum og áratugum eftir því sem umbylting atvinnulífsins eykst í tengslum við 4. iðnbyltinguna. Þar sem skapandi greinar, hugbúnaðargerð, ör þróun heilbrigðis- og líftækni, ferðaþjónusta, kvikmyndagerð og aðrar hugvitsdrifnar greinar fara ört vaxandi. Ný tækifæri munu jafnframt skapast í orkutengdri starfsemi þar sem auðlindir eru nýttar til nýsköpunar. Þar geta gilt allt önnur lögmál um laun, kjarasamninga, kaupréttarsamninga, vinnutíma, vinnustað og menntun.

Þarna verður vöxturinn mestur til velsældar og lífskjör almennings batna. Í kjaramáli þurfum við að komast inn í 21. öldina hvað þetta varðar.

Litlu og meðalstöru fyrirtækin eru verðmætust

Einyrkjar og litlu og meðalstöru fyrirtækin eru verðmætasti hluti vinnumarkaðarins atvinnulega og efnahagslega fyrir atvinnulífið um land allt, þar með talið fyrir stærri fyrirtækin. Þetta er sá hluti vinnumarkaðarins þar sem flestir starfa,

sem nýsköpun sprettur fram af, sem veitir vinnumarkaðnum nauðsynlegan sveigjanleika og efnahagsleg þróun til framtíðar. Þarna kemur einnig oft inn ungt, vel menntað og verðmætt starfsfólk fyrir framtíðina sem hefur látið minna fyrir sér fara í kröfugerð eða hagsmunabaráttu. Skapa þarf meiri skilning og sátt í samfélaginu, ekki bara milli atvinnugreina og auðlinda þjóðarinnar, heldur milli starfsstétta, aldrshópa og stærðar fyrirtækja sem öll hafa sínu hlutverki að gegna í lífshlaupinu til vaxtar og velsældar. ■

SR30

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR 30 ÁRA

KRISTJANA STEFÁNS

JAMES OLSEN

NÝÁRSTÓNLEIKAR

GULLÖLD

SVEIFLUNNAR

Árvissir og sívinsælir nýárstónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930-50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

▶ **9. JANÚAR**

▶ **KL. 20.00**

▶ **ELDBORG**

Stjórnandi & kynni: Sigurður Flosason

MÍÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS

Barstólar fyrir heimilið

Sjá nánar á patti.is



Sófar • Rúm • Stólar • Borð • Hægindastólar

Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti
HÚSGÖGN

Opið bréf til forsætisráðherra vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála



Páll Rúnar M. Kristjánsson
hæstaréttar-
lögmaður

Nú skapast lokatækifæri til slíkra sátta og þar með til að ljúka málinu í sátt fremur en í ágreiningi.

Hinn 17. desember sl. gengu þrír dómur í Landsrétti í málum Guðjóns Skarphéðinssonar og dánarbúa Kristjáns Viðars Júlíussonar og Tryggva Rúnars Leifssonar gegn íslenska ríkinu. Í málum Guðjóns og dánarbús Kristjáns Viðars var íslenska ríkið dæmt til greiðslu samtals 261.000.000 króna auk dráttarvaxta. Í máli dánarbús Tryggva Rúnars var íslenska ríkið hins vegar sýknað.

Með dómum Landsréttar í málum Guðjóns og dánarbús Kristjáns Viðars er því í fyrsta sinn slegið föstu að þessir menn hafi sætt vanvirðandi meðferð við rannsókn málsins og ekki hlotið réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Með öðrum orðum er því í fyrsta sinn slegið föstu að sakfelling þessara manna hafi verið byggð á alvarlegum mannréttindabrotum. Á sama tíma fékk Tryggvi Rúnar Leifsson, sem sat í einangrun í 627 daga og var ólöglega sviptur frelsi sínu í 2193 daga, enga slíka viðurkenningu með dómi Landsréttar.

Ástæða þess að íslenska ríkið var sýknað í máli dánarbús Tryggva Rúnars var sú að rétturinn taldi bótakröfu vegna þeirra mannréttindabrota sem Tryggvi Rúnar varð

fyrir ekki hafa runnið til dánarbús hans við andlát hans árið 2009 þar sem mál vegna kröfunnar hafði ekki verið höfðað fyrir það tímamark.

Hér verður ekki fjallað frekar um röksemdir Landsréttar fyrir þessari niðurstöðu eða skynsemi þess að sýkna af bótakröfu, sem fyrst var hægt að hafa uppi á árinu 2018, vegna þess að mál vegna hennar var ekki höfðað árið 2009. Afleiðingar þessarar niðurstöðu eru hins vegar þær að enn hafa aðstandendur Tryggva Rúnars ekki fengið þá leiðréttingu sem Landsréttur hefur nú veitt Guðjóni Skarphéðinssyni og aðstandendum Kristjáns Viðars Júlíussonar. Hið sama á við um aðstandendur Sævars Ciesielski.

Eins og þú bentir réttilega á þegar þú mæltir á Alþingi hinn 8. október 2019 fyrir frumvarpi því sem varð að lögum nr. 128/2019 um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017 er erfitt að ætla sér að ljúka uppgjöri máls eins og þessa á einu bretti. Þar

tókst þú fram að takast þyrfti á við nýjar hliðar málsins eftir því sem framvindan skýrðist og að leiðarljósið í allri slíkri vinnu hlyti að vera heiðarleiki, sanngirni, auðmýkt og virðing við einstaklinga sem orðið hefðu illa úti, en jafnframt að draga lærdóma af mistökum fortíðar.

Að gengnum dómum Landsréttar sl. föstudag liggur fyrir að þær bætur sem sakborningum og eftirlifandi aðstandendum þeirra sem þá voru látnir voru greiddar 29. janúar 2020 á grundvelli þeirra laga sem þú mæltir fyrir voru ekki fullar bætur fyrir þau alvarlegu mannréttindabrot sem þar er slegið föstum.

Landsréttur hefur nú rétt hlut tveggja þeirra einstaklinga sem ranglega voru sakfelldir fyrir aðild að dauða Geirfinns Einarssonar og Guðmundar Einarssonar árið 1980 en fyrir liggur að hlutur tveggja þeirra, sem báðir létust langt fyrir aldur fram eftir ævilanga baráttu gegn því ranglæti sem þeir sættu í þessu máli og markaði allt líf þeirra, hefur enn ekki verið réttur að fullu.

Í máli þessu hafa hingað til myndast tækifæri til sátta sem íslenska ríkið hefur ekki nýtt sem skyldi. Nú skapast lokatækifæri til slíkra sátta og þar með til að ljúka málinu í sátt fremur en í ágreiningi. Það er einlæg von mín að þú sem forsætisráðherra nýtir það tækifæri og beitir þér fyrir því, með heiðarleika, sanngirni, auðmýkt og virðingu við einstaklinga sem orðið hafa illa úti að leiðarljósi, að hlutur Tryggva Rúnars Leifssonar og annarra saklausa dómþola, sem látnir eru, verði réttur til jafns við aðra. ■

Námsmenn fá að sinna námi sínu af fullum þunga



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
þingmaður
Viðreisnar

Íslenskir háskólastúdentar hafa almennt meiri fjárhagsáhyggjur en aðrir evrópskir námsmenn. Árum saman hefur komið fram af hálfu stúdenta og Stúdentaráðs að grunnframfærsla námslana sé of lág til að námsmenn geti framfleytt sér. Þess vegna vinna stúdentar á Íslandi margir hverjir töluvert mikið með námi. Við blasir að það er til þess fallið að draga úr námshraða sem og námsárangri. Svo lág grunnframfærsla vinnur þá gegn framvindu háskólanámsins.

Ég lagði nýlega fram frumvarp um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna. Markmiðið er að tryggja að námsmenn geti framfleytt sér án þess að þurfa að vinna með námi og að bæta með því námsframvindu námsmanna. Þessar tillögur eru að norrænni fyrirmynd og eru tvíþættar.

Námsstyrkir innleiddir

Verði frumvarpið að lögum geta nemendur geti sótt um námsstyrk sem nemur 72.000 kr. á mánuði miðað við fulla námsframvindu, í að hámarki 5 skólaár. Þessu fyrirkomulagi er ætlað að skapa aðstæður og hvata fyrir námsmenn til vera í fullu námi og að bæta þar með námsframvindu. Stúðningur sem þessi er mikilvægur fyrir námsmenn en um leið mikilvægur

fyrir háskólana. Með bættri námsframvindu útskrifast nemendur á skemmri tíma og líkur á brottfalli minnka. Með því nýtist fjármagn háskólanna betur og um leið fjármagn ríkisins. Hin breytingin sem lögð er til í frumvarpinu er að grunnframfærsla námslana skuli að lágmarki nema neysluviðmiði félagsmálaráðuneytis og skuli taka hækkunum í samræmi við verðlag. Svo er ekki í nógildandi lögum. Með þessari breytingu yrði tryggt að grunnframfærsla námslana yrði hin sama og stuðst er við í viðmiðum félagsmálaráðuneytis um aðra hópa. Í gildandi lögum um Menntasjóð námsmanna segir ekki skýrt hver framfærsluviðmiðin skuli vera og námsmönnum er heldur ekki tryggt hækkun á framfærslu í samræmi við verðlag.

Þýðingarmiklar breytingar

Þetta eru tvær einfaldar en þýðingarmiklar breytingar sem óskandi er að fái umfjöllun á þinginu og verði að lögum. Með því að tryggja námsmönnum betri kjör má ná því fram að námsmenn á Íslandi teyft ekki í námi sínu vegna þess að þeir þurfa að vinna svo mikið. Það er námsmönnum, háskólunum, atvinnulífinu og ríkiskassanum til góða. Viðreisn hefur frá því að flokkurinn var stofnaður árið 2016 lagt þunga áherslu á menntamál. Við teljum að hér sé hægt að gera betur og að það eigi að gera betur. Eftir efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldurs er enn meiri ástæða til að fjárfesta markvisst í menntun og í menntakerfinu og taka með því markvisst skref í átt að fjölbreyttara atvinnulífi. Menntun leiðir til nýsköpunar og almennrar velferðar í samfélag-

Stjórnvöld verða að standa með og standa vörð um háskólamenntun með því að gera háskólum kleift að sækja fram.

inu. Þetta er einfaldlega staðreynd. Með aukinni áherslu á menntun og nýsköpun sköpunum við eftirsóknarverð störf, framleiðni eykst og við mótum samfélag sem laðar að sér hæfileikaríka einstaklinga. Með þessu tryggjum við að ungt fólk sem sækir sér framhaldsmenntun erlendis velji að koma aftur heim. Líður í því að tryggja næstu kynslóð samkeppnishæf lífskjör er að störf á Íslandi standist samkeppni að utan. Sú samkeppni snýst vissulega um kjör en ekki síður um hvernig störf við bjóðum og hvernig starfsumhverfi við bjóðum.

Hagsmunir stúdenta

Stjórnvöld verða að standa með og standa vörð um háskólamenntun með því að gera háskólum kleift að sækja fram. Það er gert með því að búa háskólunum góð rekstrarskilvörð og upp á það hefur skort, enda stöndum við Norðurlandabjóðum að baki hvað varðar framlög til háskólamenntunar. Og það verður jafnframt gert með því að tryggja háskólastúdentum vidunandi aðstæður til náms. Þessu frumvarpi er ætlað að ná fram þessu grundvallarmarkmiði. ■

Jólahappdrætti
Krabbameinsfélagsins
Útdráttur 24. desember 2021
VINNINGAR

Honda CR-V Lifestyle 2.0 Hybrid CVT 4WD 7.690.000 kr.
111478

Greiðsla upp í bifreið eða íbúð að verðmæti 1.000.000 kr.
3267 88531 88848

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 200.000 kr.

2109	31205	55879	81349	116668	140067
3552	31274	60148	81794	117655	140151
8192	33620	60329	82673	118565	140513
8707	34409	61155	83844	119023	141743
9529	36831	61494	89491	119126	143687
9654	38500	62711	90530	119249	143750
9679	38792	63670	92588	120028	144901
10330	40887	64704	95262	120049	146568
11013	41235	67433	95539	120054	146613
12055	41453	67924	96660	120932	148743
14998	42717	68216	100046	121306	149734
16830	43259	68398	101136	123577	150289
17457	44476	68551	101312	125314	150595
18126	45187	69813	101465	126236	151223
20278	47313	73063	103384	127990	151886
21357	47416	73948	103915	128052	153958
21642	50329	74004	104383	128683	155850
24036	50736	76411	109063	129005	157119
26449	51804	77215	109323	129840	157394
26612	53487	78788	112791	132331	157964
27421	54319	80783	114915	138115	
31059	54991	80968	114962	138398	

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 100.000 kr.

5290	22196	45266	62767	95049	120737	139177
5513	23367	45332	64067	95113	123488	140626
6145	23994	46229	65222	95856	123600	141462
6907	24777	46653	67723	96350	123603	141734
7645	25390	46701	67808	96692	123838	142929
8474	25710	47436	69371	96765	125470	143146
9360	27629	48114	72551	97756	127790	146417
9482	29023	48656	73696	98728	127943	146535
12138	32175	48703	74424	100396	129488	146817
15400	32190	50969	77601	101315	130209	147342
15441	33219	51272	78653	101530	131089	148652
15650	33796	51293	81442	101856	131108	148896
16272	33975	52705	83781	104847	131940	149702
16678	34046	53264	84867	106227	132068	149726
17005	36524	53377	85254	107170	132670	150209
17163	37191	53407	88062	107740	133609	151932
17824	38939	56087	88130	107777	135654	152779
17913	39713	56113	88172	113569	135753	154022
18027	40466	56864	90001	115301	136399	154604
18882	41561	61622	92005	116048	136735	154636
19307	42322	62272	92505	116244	137739	155517
21676	42545	62337	93153	119324	139026	157354
22150	44045	62438	94138	120182	139037	

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 11. janúar nk.

krabb.is



Krabbameinsfélagið

Þorbjörg Sigríður

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 28. desember 2021



Á Írlandi tengjast einhverjar hefðir flestum jóladögum.

12 dagar jóla

sandragudrun@frettabladid.is

Núna á milli hátíðanna er oft rólegur tími hjá mörgum. Fólk hleður batterið eftir mánuð af undirbúningi og ýmsum hefðum alla adventuna, áður en nýja árinu er fagnað. Á mörgum stöðum í heiminum er litið svo á að jólin séu búin en á Írlandi eru jólahefðir flesta daga frá aðfangadegi og fram að þrettándanum. Þriðji í jólum er tileinkaður guðspjallamanninum Jóhannesi. Í dag er hátíð hinna heilögu sakleysingja. Það er hjátrú í Írlandi að stofna ekki fyrirtæki á þessum degi, hefja nýtt verkefni eða fara í ferðalag. 29. og 30. desember eru ekki tengdir neinum kirkjulegum hefðum en sú hefð hefur skapast að fara með börnin í dýragarð.

Margra daga veisla

31. desember og 1. janúar er nýja árinu fagnað. 2. janúar er enn frídagur á Írlandi og venjan að heim-sækja ættingja og klára afgangana frá hátíðarhöldunum. Þann 5. janúar er jólunum formlega lokið á Írlandi. Þá er hefð að halda gott parti. 6. janúar er þekktur undir nafninu litlu jól eða konujól. Þennan dag gátu konur loks slakað á eftir jólin. Margir halda upp á þennan dag með því að færa hús-móður heimilisins morgunmat í rúmið. Fyrsta mánudag í janúar er Handsel Monday, þann dag fá börnin litlar gjafir sem eru kall-aðar handsel. ■

Vill hitta hláturtaugina og kýla upp á við

Reynir Lyngdal Sigurðsson, leikstjóri Áramótaskaupsins, segir grín gegna mikilvægu menningarlegu hlutverki til að hjálpa okkur að gera upp málin og hlæja að bæði sjálfum okkur og öðrum. Hann segir ótrúlega hæfi-leikaríkan hóp hafa staðið að skaupinu í ár og vonar að fólk taki því vel. **2**



Reynir segir að það erfiðasta við að gera skaupið sé að sleppa góðu efni sem frábærir höfundar hafa vandað sig við að búa til, en að það skemmtilegasta sé að fá að verja miklum tíma með ótrúlega skemmtilegu fólki.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA

MELTING & BÓLGUR



www.celsus.is



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is



Reynir segir að þó að hann sé titlaður sem leikstjóri sé kvikmyndagerð liðsþrótt og að það finnist sérstaklega vel þegar verkefni eru unnin frekar hratt, eins og Áramótaskaupið. Það þarf hóp af kláru fólki til að gera gott skaup. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við reynum að kýla upp fyrir okkur og sýna virðingu, en sumir kúka bara upp á bak og þá verðum við að taka það fyrir.

Reynir Lyngdal Sigurdsson er leikstjóri Áramótaskupsins í ár. Þetta er í fjórða sinn sem hann leikstýrir skaupinu og þriðja árið í röð, en hann gerði það fyrst árið 2006. Hann segist ákaflega þakklátur RÚV fyrir traustið sem honum og hópnum sem hann vinnur með er sýnt.

„Áramótaskaupið er óvenjulegt verkefni sem ég myndi aldrei leggja í nema ég væri með ótrúlega góða höfunda með mér,“ segir hann. „Við byrjum yfirleitt formlega vinnu með vikulegum fundum frá ágúst fram í nóvember, en fram að því er fólk að skrifa hjá sér punkta. Við reynum að leggja línurnar og átta okkur á tóninum í árinu, ekki að það sé einhver einn, en það er oft hægt að sjóða þetta niður. Í fyrra var það til dæmis sameining á erfiðum tímum, en núna er meiri sundrun. Innlokunarkenndin er farin að ná til fólks og það er komin smá „cabin fever“ í alla þjóðina, sem er edlilegt eftir allan þennan tíma.

Svo er ekki hægt að horfa fram hjá því að það hallar á miðaldra hvíta karlmenn í ár,“ segir Reynir og hlær. „Það er eitthvað aldagamalt hegðunarmynstur sem er, sem betur fer, verið að brjóta upp. Það þarf að nálgast þau mál á einhvern hátt, en á sama tíma er kynferðisofbeldi auðvitað aldrei fyndið. En aðstæðurnar sem skapast í kringum slaufunarmenningu og í umræðunni um hana geta stundum verið bráðfyndnar. Karlmenn eiga það sérstaklega til að tala af sér og vera kjánalegir.

En við höfum líka lagt upp úr því að hjóla sem minnst í manninn, þó að það sé ekki hægt að komast alveg hjá því, sérstaklega á kosningarári. Við reynum að kýla upp fyrir okkur og sýna virðingu, en sumir kúka bara upp á bak og þá verðum við að taka það fyrir,“ segir Reynir. „En þó að fólk eigi kannski skilið að það sé hnýtt í það pössum við samt að hafa grínið aldrei biturt.“

Vandi að velja úr

„Þegar við erum að velja umfjöllunarefni hendum við hugmyndum í pott. Höfundateymið í ár samanstendur af Lóu Hjálmtýsdóttur, Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur, Bergi Ebba, Hugleiki Dagsyni, Göggju Jónsdóttur og Villa Neto, ásamt mér. Ég er svona eins og ritstjóri, en ég ber mikið undir þau og oft eru það bara praktísk atriði sem ráða því hvað kemst alla leið,“ segir Reynir. „Við förum yfir allt árið og það sem var efst á baugi í hverjum mánuði og út frá því koma hugmyndir að gríni og sketsum og þá erum við kannski með svona 200 viðfangsefni. Svo skrifum við kannski um 80-90 sketsa, en gerum aldrei mikið meira en svona rétt rúmlega 40.

Það sem ræður valinu eru þessi praktísku atriði og svo okkar tilfinning fyrir því hvað er fyndið. En það er líka oft erfitt að meta hvað á heima í skaupinu, sérstaklega þegar maður er að skrifa seint á árinu. Manni finnst oft öll mál sem koma upp þurfa að fara í skaupið, en stundum eru þetta mál sem gleymast bara eftir tvo daga,“ segir Reynir. „Þó að það séu vissulega alltaf einhver ákveðin mál sem þarf að taka fyrir þá erum við fyrst og fremst að reyna að fanga stemninguna á árinu og finna hvaða skandalar og viðfangsefni ársins verða sigild. Í ár er það til dæmis Covid, bólusetningar og tilfinning fyrir hálfgerðu óþoli. Svo reynir maður að pakka því saman í grín, glens, dans og söng. Þá er gott að vera með viðhorf þar sem maður sér glasið alltaf hálfullt og frábæra höfunda sem hitta í mark með blöndu af jákvæðni og ískrandi kaldhæðni.“

Grín er hollt fyrir samfélagið

„Það þyrfti kannski að vera svona vikulegur þáttur eins og Spaugstofan var á sínum tíma, sem tappar af þörfinni til að hreinsa umræðuna. Ég held allavega að Áramótaskaupið sé nauðsynlegt

og þjóðfélagslegt grín sé í raun nauðsynlegra en við áttum okkur á,“ segir Reynir. „Það er gagnlegt að við pöpullinn, sem engu ráðum, fáum að hnýta í það sem miður fer og hlæja að þeim sem ráða og eiga meira. Þegar best lætur getur grínið bent á hluti sem eiginlega ekkert annað form getur bent á og veitt manni lausn með því að leyfa manni að hlæja að brestunum í samfélaginu.

Í mörgum öðrum samfélögum er svona grín gert vikulega eða mánaðarlega og ég held að öll samfélög þurfi einhvers konar samfélagsspiegel sem gerir grín að því sem við eignum sam-eiginlegt og finnur brestina hjá ráðandi öflum,“ segir Reynir. „Ég held að þetta sé hluti af því að vera í samfélagi, að geta hlegið að okkur og öðrum og hnýta í valdhafana. Undir ákveðnum kringumstæðum getur það líka þjónað sem hreyfiafl að sjá hluti frá öðru sjónarhorni. Besta listin speglar samfélagið og vekur fólk til umhugsunar.

Maður tekur þessu hlutverki alvarlega, en um leið er þetta ofsalega skemmtileg og gefandi vinna með svakalega kláru fólki sem leggur rosalega hugsun og vinnu í allt,“ segir Reynir. „Það er nefnilega rétt sem Hugleikur Dagsson segir, að það erfiðasta í heimi er að semja einföldustu pabbandarana, sem ná því bæði að hitta í mark og vera um leið svo vondir að þeir eru góðir.“

Gott verklag tryggði gott gengi

Reynir segir að tókur hafi gengið vel, enda hafi framleiðslufyrirtækið Republik staðið vel að öllu.

„Það voru regluleg hraðpróf á leikurum og þó að einhverjir hafi lent í sóttkvi gekk vel. Kvikmyndagerðarfyrirtæki eru búin til að tryggja að framleiðsla gangi og með því að fylgja öllum reglum og hittast sem mest á netinu gekk þetta bara vel,“ segir hann. „Þetta

var erfiðara í fyrra, því þá voru svo strangar samkomutakmarkanir og engar bólusetningar komnar. Við hittum reyndar líka vel á í ár, tókurnar lentu mestmegnis á rólegum kafla í faraldrinum.

Núna erum við bara á fullu að klára allt fyrir áramótin og vonum bara að það verði ekki einhver skandall á síðustu dögum ársins, 7, 9, 13. Þetta klárast vonandi fyrir áramót,“ segir Reynir og hlær. „Það er endalaust af góðu fólki sem kemur að svona verkefni og kvikmyndagerð er liðsþrótt, þó að maður sé með leikstjórattitil. Maður finnur það sérstaklega vel í svona verkefni, þar sem allt er unnið frekar hratt. Það þarf hóp af kláru fólki til að gera gott Áramótaskaup.“

Erfiðast að sleppa góðu efni

„Það sem er erfiðast við að gera skaupið er að velja og hafna þegar maður er kominn með mikið af góðu skrifuðu efni. Ég er líka í edli mínu meðvirkur og mér finnst svo margt skemmtilegt og það eru svo klárir höfundar sem ég vinn með að það getur verið fjárfert erfitt að sleppa einhverju sem maður var búinn að sjá fyrir sér, teikna upp og ákveða að gera,“ segir Reynir. „En þegar öllu er á botninn hvolft og maður setur allt saman og fer að skoða afraksturinn saknar maður yfirleitt ekki þess sem maður henti.

Það skemmtilegasta við að gera skaupið er allt þetta samneyti og vinna með ótrúlega skemmtilegu fólki. Það er alltaf það sem stendur upp úr, miklu frekar en grínið sem við búum til. Það er svo fánarlega klárt og fært fólk á öllum vögstöðvum,“ segir Reynir. „Svo vonar maður auðvitað bara að fólk taki skaupinu vel og það falli í kramið hjá þjóðinni. En ég held líka að það að vinna skemmtilega vinnu með skemmtilegu fólki skapi skemmtilegt efni og vonandi talar það til fólks og nær því bæði að hitta hláturtaugina en líka kýla fólk aðeins í magann.“ ■

Þó að fólk eigi kannski skilið að það sé hnýtt í það pössum við samt að hafa grínið aldrei biturt.

Hafðu AKU með í valinu



AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

Aukin mýkt við ökkla

 Gore-Tex filma, 100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur

Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Reimalæsing, sitt hvor stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum

2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

GG SPORT

Stingum af ...



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opunartími: Virkir dagar 10:30 – 18. Lokað á gamlársdag og nýársdag.

Bílar & Farartæki

AÐALKAUP
BilasalaGLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA
- ÖTRÚLEGT VERÐ - 4.177P!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr!!! 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 100% láni. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120626 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

AÐALKAUP
BilasalaGLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA
- ÖTRÚLEGT VERÐ - 4.177P!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr!!! 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 100% láni. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120628 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

AÐALKAUP
BilasalaGLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA
- ÖTRÚLEGT VERÐ - 4.177P!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr!!! 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 100% láni. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rn. 110169 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

AÐALKAUP
BilasalaGLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA
- ÖTRÚLEGT VERÐ - 4.177P!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr!!! 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 100% láni. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rn 110168 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

Aðalkaup - Bilasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is



Nýr Ford Transit Custom Edition Trend 9 manna. 8" skjár í mælaborði með bakkmyndavél ofl. Það er margra mánaða bíð eftir svona bíl en við eigum þennan til afhendingar strax. Verð 5.800. þús án vsk.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

+++ EÐALVERK +++

- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsviðgerðir
- Þak
- Gluggaskipti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögung

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsúpa. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Heilsuvörur



Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



FASTEIGNASALA | 1984

535-1000

BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK



FÉLAG FASTEIGNASALA

Þorlákur Ómar Einsson

LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

Furuás 4
210 Garðabær

Stórglæsilegt 337,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á góðum stað í Ásahverfinu í Garðabæ.

Húsið stendur á tæplega 800 fm lóð við rólega götu og skiptist það í anddyri, stórt hol, stofu og borðstofu á pöllum, fimm svefnherbergi, þar af eitt með sér inngangi, eldhús, baðherbergi, gestasalerni og þvottahús. Bílskúr er tvöfaldur, 470 fm og með upphitaðri innkeyrslu sem rúmar allt að 6 bíla.



NÁNARI UPPLÝSINGAR:

Matthildur Sunna Dan Þorláksdóttir

Löggiltur fasteignasali

690-4966 - matthildur@stakfell.is

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Endurskoðun stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og tæknileg uppfærsla Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, með lengingu skipulagstímabils til ársins 2040.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 19. október 2021, sbr. einnig samþykkt borgarstjórnar 21. desember sl, Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem er uppfærð og endurbætt útgáfa Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030). Breytingar fela í sér endurskoðun á völdum þáttum aðalskipulagsins, lengingu skipulagstímabils til ársins 2040 og almenna tæknilega uppfærslu skipulagsgagna. Breytingarnar miða allar að því að tryggja betur framfylgd þeirrar sýnar og megin markmiða um sjálfbæra borgarþróun sem samþykkt voru með AR2010-2030 árið 2014. Breytingar snúa einkum að stefnu um íbúðarbyggð innan þéttbýlis borgarinnar. Auk þess eru gerðar stöku breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum.

Tillagan var kynnt í samræmi við 30-31. gr skipulagslaga og formleg auglýsing hennar var á tímabilinu 21. júní til 31. ágúst sl. Frestur til að gera athugasemdir var til 31. ágúst. Alls bárust athugasemdir og umsagnir frá 72 aðilum. Veigamesta athugasemdin varðaði uppbyggingu í Mjódd/Norður-Mjódd þar sem ítrekaðar voru fyrri athugasemdir og óskað eftir því að heimildir um hæðir húsa yrðu færðar enn meira niður. All nokkrar aðrar athugasemdir vörðuðu hæðir húsa og neikvæð umhverfisáhrif of þéttar byggðar. Nokkrar athugasemdir snertu landnotkun á svæðum utan skilgreindra marka þéttbýlis og var þeim vísað til fyrirhugaðrar vinnu við aðalskipulag á Kjalarnesi og á svæðum í útmörk borgarlandsins. Ýmsar athugasemdir og umsagnir vörðuðu tæknileg atriði og almennar endurbætur skipulagsgagna, m.a. kafla um menningarmínjar, veitukerfi og umhverfisskýrslu.

Athugasemdir leiddu ekki til veigamikilla breytinga á auglýstri tillögu, en komið er að nokkru til móts við athugasemdir sem varða stefnu um hæðir húsa, m.a. í Mjódd og skerpt var á framsetningu stefnunnar í ýmsum atriðum, einkum vegna athugasemda opinberra aðila. Þeir sem gerðu athugasemdir og umsagnir hafa verið upplýstir um afgreiðslu athugasemda og aðalskipulagstillögunnar. Sjá nánar á adalskipulag.is. Skipulagstofnun hefur afgreitt tillöguna og verður hún staðfest í framhaldinu og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þeir sem óska frekari upplýsinga og að nálgast einstök í gögn í málinu geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



OPIÐ ALLA VIKUNA

10-21

OPIÐ Á GAMLÁRSDAG

10-17

Sóttar netpantanir afhentar við inngang!

Panta þarf fyrir kl. 15 þann 29. des. til þess að fá heimsent fyrir áramót á höfuðborgarsvæðinu!

PARTÝBÚÐIN

Heliumblöðrur

(sem endast fram yfir áramót) til sölu alla vikuna milli jóla og nýárs!

Finndu okkur á



Faxafeni 11 • Sími 534 0534 • www.partybudin.is

Sendum á landsbyggðina



Ástkær móðir mín,
amma okkar og langamma,
Þorgerður María Gísladóttir
iþróttakennari,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
17. desember sl.

Útför hennar fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 30. desember kl. 13.00. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir en gestir eru vinsamlegast beðnir um að framvísa hraðprófi við inngang. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Frikirkjuna í Hafnarfirði. Streymt verður frá athöfninni á <https://youtu.be/sNyz1pzX4-U>

Sigríður Jónsdóttir
Jón Ólafur Gestsson **Katrín Ásta Stefánsdóttir**
Þorgerður María Halldórsdóttir
og langömmubörnin.



Móðir okkar,
Svanborg Daniélsdóttir
(Bobba)

lést á heimili sínu föstudaginn
10. desember sl. Útförin hefur
farið fram í kyrrþey, að hennar ósk.
Ástarþakkir fyrir þann hlýhug sem okkur
hefur verið sýndur.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Hildur, Hulda og Hrefna



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,
Gunnvör Sverrisdóttir
sjúkraliði,
Klukkuvöllum 10, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild
Landspítalans mánudaginn 13. desember.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Gunnlaugur Grétar Sigurgeirsson
Sverrir Gunnlaugsson
Ingunn Gunnlaugsdóttir **Sigurður Karl Magnússon**
Silja Rós, Steinunn Kamilla og Sævar Ernir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar sé þess óskað



Jóhanna Eiríksdóttir



Sverrir Einarsson



Jón G. Bjarnason

Alúð • Virðing • Traust • Reynsla

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Útfararþjónusta í yfir 70 ár



Við tökum vel á móti ástvinum
í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



Örn var í fyrstu að leita sér að einhverju dundi þegar hann léti af störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rennt í gegnum eldri árin

Formaður trérennismiða á Íslandi vill boða fagnaðarerið iðjunnar til eldri borgara um allt land.

arnartomas@frettabladid.is

Félag trérennismiða á Íslandi var stofnað fyrir um 27 árum og eins og nafnið gefur til kynna samanstendur hópurinn af atvinnu- og áhugamönnum um trérennsli. Formaður félagsins, Örn Ragnarsson, segir töluverða hreyfingu í sölu á rennibekkjum og þvíumlíku gefa til kynna að iðjan sé í vexti hérlendis.

„Það skila sér kannski ekki allir í félagið, en þetta er algengt tómstundagaman og félagsstarf,“ segir Örn. „Í félaginu eru núna um 215 manns en voru í kringum 400 þegar mest lét.“

Örn byrjaði sjálfur að renna fyrir um tíu árum síðan.

„Ég sá fram á að ég yrði eftirlaunabegi og fór að svipast um eftir einhverju til að dunda við þegar ég hætti störfum,“

segir Örn sem starfaði áður í 30 ár sem kennari og í 13 ár hjá Rauða krossinum. „Ég fékk að prófa bekk hjá félagi mínum í Dalshrauninu og þá varð ekki aftur snúið.“

Síðan þá hefur Örn farið á þó nokkur námskeið erlendis til að fínþússa handtökin.

„Það er mikið af skólum sem sérhæfa sig í einhverju sérstöku,“ segir hann. „Ég hef til dæmis farið á tvö námskeið á Írlandi þar sem ég lærði af heimsfrægum trérennismið, Glenn Lucas, hvernig maður smíðar skálar.“

Fagnaðareriðið boðað

Sjálfur er Örn hluti af hópi tólf rennismiða í Hafnarfirði sem leigja saman vinnustofu í Dalshrauni. „Hér erum við allir hver með sinn rennibekk,“ segir hann. „Þótt sumir vinni auðvitað einir heima þá er í mínum huga félagskapurinn við aðra rennismiði ekki síst það sem ýtir undir að maður fari út úr húsi og á verkstæðið.“

Örn tók við formennsku félagsins í ágúst og hefur hugmyndir um að nýta félagið til að efla handverk eldri borgara um land allt.

„Það er ekki nóg að bjóða upp á kynningar hér á höfuðborgarsvæðinu, heldur hef ég haft samband við sveitarfélög úti á landi þar sem ég hef boðið að koma og kynna félagið okkar og rennismiði fyrir fólki,“ segir Örn sem hefur herferðina á Norður- og Vesturlandi í janúar. „Við byrjum væntanlega á Hvammstanga, svo verður það Akureyri og Ólafsvík.“

Áhugasömum um rennismiði bendir Örn á að allir séu velkomnir við verkstæðið á Dalshrauni 12 þar sem hann er með aðstöðu. „Ég mæti alltaf hingað klukkan 10 og er í þrjá til fjóra tíma. Við tökum vel á móti fólki og það er heitt á könnunni,“ segir hann. „Svo er hægt að koma á fundi félagsins sem eru síðasta laugardag hvers mánaðar en í febrúar fáum við einmitt erlendan gest sem mun koma og sýna listir sínar fyrir okkur.“ ■



Elsku faðir okkar,
afi og langafi,
Benóný M. Ólafsson

lést á Hjúkrunarheimilinu
Skjólí 19. desember sl.

Ásta María Benónýsdóttir **Styrmir Ingi Bjarnason**
Ólafur Björn Benónýsson
Arnór Freyr Styrmisson **Helena Friðbertsdóttir**
Birna Mjöll Styrmisdóttir **Axel Ingi Jónsson**
Kára Dis Ólafsdóttir, Krista Briet Ólafsdóttir,
Hrannar Ben Ólafsson
og **Sara María Arnórsdóttir**



Ástkær sonur okkar og bróðir,
Sölvi Sölvason
Siglufirði,

lést 19. desember á
blóðlækningadeild Landspítalans.
Útför fer fram frá Siglufjarðarkirkju
miðvikudaginn 29. desember kl. 13.00.

Streymt verður frá útförinni: streyma.is/solvi
Gestir eru beðnir um að sýna fram á neikvætt hraðpróf.

Sölvi Sölvason **Sigríður Karlsdóttir**
Finnur Ingi Sölvason
Þórhildur Sölvadóttir



Ástkær móðir mín,
tengdamóðir og amma,
Anna Bjarnarson
Þrúðvangi 25, Hellu,

lést á dvalarheimilinu Lundi
miðvikudaginn 22. desember.
Útför hennar fer fram frá Oddakirkju
miðvikudaginn 5. janúar. Í ljósi aðstæðna fer athöfnin
fram í kyrrþey og verða því einungis nánustu
aðstandendur viðstaddir. Þökkum starfsfólki Lunda hlýja
og góða aðhlyningu.

Ragnar Pálsson **Guðrún Dröfn Ragnarsdóttir**
Ragnar Páll, Ásgerður og Þorgerður Harpa.
Stefán Smári, Álfheiður Fanney og Ásrún Ásta



Okkar ástkæra eiginkona, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
Védís Bjarnadóttir
iþróttakennari
frá Laugarvatni,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands
á Húsavík mánudaginn 20. desember.
Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju fimmtudaginn
30. desember kl. 14.
Útförinni verður streymt á Facebook-síðu kirkjunnar.
Gestir, vinsamlega framvísið hraðprófi við inngang.
Þökkum hlýhug og góðar kveðjur.

Vilhjálmur Pálsson
Þorbjörg Vilhjálmssdóttir **Anna Karólína Vilhjálmssdóttir**
Bjarni Páll Vilhjálmsson **Elsa Björk Skúladóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

960.000 KR VSK VERÐHÆKKUN UM ÁRAMÓT*

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á
DRIFRAFHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID




JEEP COMPASS LIMITED TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.999.000 KR.



JEEP RENEGADE TRAILHAWK TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.199.000 KR.

*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000-960.000 um áramótin, vegna VSK hækkana.
Nánari útskýringar fást hjá sölumönnum.

Veðurspá Þriðjudagur



Vaxandi NA-átt 10-20 m/s síðdegis, hvasast á sunnanverðum Austfjörðum. Snjókoma með köflum, en samfelldari ofankoma norðaustantil. Að mestu bjart á Suðurlandi. Frost 0 til 12 stig, kaldast í inn-sveitum. ■

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 lífhvati
- 5 ábreiða
- 6 sön
- 8 geyma
- 10 tveir eins
- 11 vænting
- 12 klöpp
- 13 kríki
- 15 sárar
- 17 tónstigi

LÓÐRÉTT

- 1 planta
- 2 nasl
- 3 gerast
- 4 vél
- 7 prangari
- 9 ráfa
- 12 brestir
- 14 tímabils
- 16 sýl

1	2	3	4		
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 ensim, 5 lak, 6 om, 8 fresta, 10 tt, 11 von, 12 þerg, 13 nári, 15 gramar, 17 skali.
LÓÐRÉTT: 1 eftting, 2 nárt, 3 ske, 4 mótör, 7 mangari, 9 sveima, 12 þrak, 14 árs, 16 al.

Anish Giri (2.767) átti leik gegn Rasmus Svane (2.677) sem lék síðast hræðilega af sér með **1. Kg5-h5??** á HM í atskák í Varsjá.

1...Dh2+! 0-1. Hvítur er mät eftir **2. Kg5 Dh6#**. Það gengur mikið á í Varsjá. Lokadagur HM í atskák fer fram í dag. HM í hraðskák hefst á morgun. Magnús Carlsen meðal þátttakenda í báðum mótum. Íslandsmótið í atskák hófst í gær og lýkur í kvöld. Hjörvar Steinn Grétarsson meðal keppenda. www.skak.is: HM í atskák. ■

Sudoku

		6		5		1	4	8
8	3							6
	2	4	6	7		3		
	4	9		3		5	1	
				7	4			
		1		9	8			3
9	3					5		
	2		6					
6		2		3				

		3				6	1	4
		9						
			7	4				
			6			7		
			9		7	1	3	
6	8		1					9
	9		8				4	
7			1					5
2					5	9	7	8

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



DORMA

Láttu drauminn rætast

Gleðilega hátíð

Um leið og við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða bendum við á að í verslunum okkar byrjar

ÚTSALA

á morgun!

Megi draumar ykkar rætast á nýju ári.

Afgreiðslutími næstu daga
28. - 30. des. 11-18
Gamlársdag, nýársdag og 2 janúar - LOKAÐ
3. janúar - 11-18

Holtagördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ SPAÐANS!

16" Pizza
af matseðli
1.600

Í dag fylgja kanilstangir frítt
með öllum pizzupöntunum

Fríar
kanilstangir



Spaðinn Pizza · Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b · spadinn.is





Fjölismenn Kjarvals seldust nýlega á rúmar 10 milljónir.
MYND/ADSEND

Kjarval, Ásgrímur og Nína

kolbrunb@frettabladid.is

Nú stendur yfir í Fold uppboðshúsi uppboð á myndlist. Gott úrval verka er á uppboðinu, má þar nefna afar falleg landslagsverk eftir Ásgrím Jónsson, Jón Engilberts, Kjarval og Gunnlaug Blöndal. Af abstrakt verkum má telja verk eftir Karl Kvaran og Nínu Tryggvadóttur. Ólíuverk eftir Hauk Dór, Pétur Friðrik, Svein Þórarínsson, Eyjólf Eyfells, Daða Guðbjörnsen, Kristínu Geirsdóttur og Nekron. Mikið úrval minni verka er á uppboðinu, til dæmis verk eftir Sossu, Eirík Smith, Jón Reykdal, Valgarð Gunnarsson og Sigurð Örlygsson. Uppboðinu lýkur fimmtudaginn 6. janúar.

Þess má svo geta að nýlega seldist á uppboði hjá Galleri Fold olíumálverkið Fjölismenn eftir Jóhannes S. Kjarval á 10,8 milljónir. Málverkið var upphaflega í eigu Ragnars í Smára. Á sama uppboði seldist lítið málverk



Verk eftir Kjarval er á uppboðinu.

eftir Georg Guðna á 5,7 milljónir en verkið var metið á 3,2 milljónir og pappírverk eftir Eggert Pétursson seldist á tvöföldu matsverði eða 1,2 milljónir. Þá fóru verk eftir naivistana Stórval og Ísleif Konráðsson einnig á tvöföldu matsverði. ■



Ein af þeim fjölmörgu skemmtilegu myndum sem finna má í bókinni.

MYND/ADSEND

Nætur sem daga

kolbrunb@frettabladid.is

Í tilefni af 40 ára starfsafmæli Ljósmyndasafns Reykjavíkur nú í ár efndi safnið til útgáfu á veglegu afmælisriti.

Nætur sem daga er vandað, 216 blaðsíðna afmælisrit með 222 myndum úr safnkosti Ljósmyndasafns Reykjavíkur, eftir um 70 myndhöfunda. Í bókinni er einnig

inngangsgrein eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur ásamt ljóðum og örsögum eftir Óskar Árna Óskarsson.

Myndaúrvalið veitir sýn á þann mikla sjónræna fjársjóð sem finna má í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, en safnið telur alls á sjöundu milljón mynda af ýmsum toga. Hluta myndasafnsins má einnig finna á Myndavef Ljósmyndasafns Reykja-

víkur (www.ljosmyndasafn.reykjavik.is).

Myndirnar völdu Sigríður Kristín Birnudóttir, Gísli Helgason og Kristín Hauksdóttir úr afar fjölbreyttum safnkosti Ljósmyndasafns Reykjavíkur, en öll hafa þau áratuga reynslu af því að annast ljósmyndir í varðveislu safnsins. Ritstjóri var Sigrún Kristjánsdóttir. ■

HEILBRIGT LOFT HEILBRIGÐ HEIMILI

LOFTRÆSTIKERFI MEÐ VARMAENDUVINNSLU

- BETRI LOFTGÆÐI
- RÉTT RAKASTIG
- MINNA RYK
- FÆRRI ÖRVERUR
- MINNA ORKUTAP




LOFTRÆSTIKERFI FYRIR HEIMILI



ER ÞÍN ÍBÚÐ EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ GÓÐU LOFTRÆSTIKERFI?

Íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is



**Til hamingju,
þið sem fenguð
íslenska hönnun
í jólagjöf.**



**Þakkir til ykkar
sem gáfuð
íslenska hönnun
í jólagjöf.**



**Og þakkir til ykkar
sem keyptuð
íslenska hönnun
til að eiga og
njóta sjálf.**

EYJÓLFUR PÁLSSON



Þriðjudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin úrval** Úrval úr þáttum vetrarins.
- 19.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Lífið er lag (e)** Sigurður K. Kolbeinsson fjallar um mál-efni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efrí árunna.
- 20.00 Kátt á kili** Ekið yfir þveran Langjökul og allt að hæsta kili.
- 20.30 Fréttavaktin (e)** Úrval úr þáttum vetrarins.
- 21.00 Matur og heimili (e)**

RÚV Sjónvarp

- 08.00 KrakkaRÚV**
- 08.01 Refurinn Pablo**
- 08.06 Tölukubbar**
- 08.11 Sögur snjómannsins**
- 08.19 Poppý kisukló**
- 08.30 Rán - Rún**
- 08.35 Sammi brunavörður**
- 08.45 Skotti og Fló**
- 08.52 Blæja**
- 08.59 Konráð og Baldur**
- 09.11 Múminálfarnir**
- 09.34 Eldhugar**
- 09.38 Hvolpasveitin**
- 10.00 Loforð**
- 10.30 Snækóngulóin**
- 11.00 Óskastundin**
- 12.25 Okkar á milli** Helga Rakel Rafnsdóttir.
- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.25 Menningarannállinn**
- 13.55 Útsvar 2008-2009**
- 14.45 Opnun** Ólafur Sv. Gíslason, Inga Svala og Wu Shazhuan.
- 15.20 Gítarveisla Bjössa Thors**
- 16.30 Matarmenning**
- 17.00 Íslendingar** Sigurður Sigurðsson.
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Bitið, brennt og stungið**
- 18.06 Strandverðirnir**
- 18.18 Hönnunarstírnin**
- 18.36 Áhugamálið mitt**
- 18.44 Jólamlar KrakkaRÚV** Jóla-tónlist
- 18.50 Landakort** Spinnur ull af eigin kindum.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.55 Jane Jane** Heimildamynd frá 2017 um ævi og störf Jane Goodall, einnar merkustu vísindakonu heims. Í myndinni er sérstök áhersla lögð á áralangar rannsóknir hennar á simpösum.
- 21.30 Vargur** Bræðurnir Erik og Atli eiga báðir við fjárhagsvanda að stríða af ólíkum ástæðum. Saman grípa þeir til þess ráðs að smygla dópi til landsins. Leikstjóri: Börkur Sigurþórsson. Aðalhlutverk: Gísli Örn Garðarsson, Baltasar Breki Baltasarsson, Anna Próchniak og Marijana Jankovic. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
- 23.00 There Will Be Blood** Blóðug barátta
- 01.30 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 08.00 Drive On Championship** Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.
- 11.00 LPGA Mediheal** Útsending frá LPGA Mediheal.
- 13.55 EDGA úrslitin í Dubai**
- 14.45 South African Open**
- 20.20 Alfred Dunhill Links Championship**

Sjónvarp Símans

- 08.00 Úbbs! Nói er farinn - isl. tal**
- 09.20 Litla stóra pandan - isl. tal**
- 10.45 Gnómeó and Júlía - isl. tal**
- 12.30 Survivor** Jeff Probst hefur marga fjöruna sopið þegar kemur að því að þína venjulegt fólk í óvenjulegum aðstæðum. Baktjaldamak, ást, hatur og gott sjónvarp einkennir Survivor.
- 13.15 Survivor**
- 14.10 Christmas at the Palace**
- 16.05 The Pink Panther**
- 17.35 Tímamótatónleikar Nýdönsk** Upptaka frá tímamótatónleikum Nýdanskra ásamt strengjasveit í Hörpu sem haldnir voru 23. september 2017.
- 19.00 The Moodys**
- 19.30 A.P. BIO**
- 20.00 Four Weddings and a Funeral**
- 21.55 You, Me and Dupree**
- 23.40 Mission. Impossible II**
- 01.40 Booksmart**
- 03.20 Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.05 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegjög Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegjög**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Lofthelgin**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Frjálsar hendur**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Hver var Sonja de Zorrilla? (4 af 4)**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spejillinn**
- 18.30 Krakkakastið**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Játatónleikar frá Finnlandi**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsgagan. Í verum, seinna bindi (29 af 32)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**

Stöð 2 Bíó

- 11.30 Jingle All The Way**
- 13.00 Meet My Valentine**
- 14.25 Official Secrets**
- 16.15 Jingle All The Way**
- 17.40 Meet My Valentine**
- 19.10 Official Secrets**
- 21.00 Wedding Crashers**
- 22.55 King of Thieves** Glæpamynd af bestu gerð. Nokkrir afbrotamenn sem komnir eru af léttasta skeiði ákveða ásamt ungum félaga sínum að brjótast inn í rammgerða niðurgafna öryggisgæmslu í Hatton Garden í London.
- 00.40 American Psycho**
- 02.15 Wedding Crashers**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Jamie's Quick and Easy Food**
- 09.50 MasterChef Junior**
- 10.35 10 Years Younger in 10 Days**
- 11.20 Út um víðan völl**
- 11.50 Saved by the Bell**
- 12.15 Friends**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Friends**
- 13.20 The Office**
- 13.40 The Goldbergs**
- 14.00 The Grand Party Hotel**
- 15.00 Manifest**
- 15.40 Katy Keene**
- 16.20 Lögreglan**
- 16.45 Punky Brewster** Framhaldsþáttaröð af gamanþáttum frá níunda áratugnum um fósturbarnið Punky. Núna er hún fullorðin, nýfráskilin, með fjögur börn og hund. Það er því í nógu að snúast en gleðin og húmorinn eru aldrei langt undan.
- 17.25 Bold and the Beautiful**
- 17.50 Nágrannar**
- 18.20 Annáll 2021**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Masterchef USA**
- 19.50 Fantasy Island**
- 20.35 The Goldbergs**
- 21.00 S.W.A.T.**
- 21.45 Insecure**
- 22.20 The Wire**
- 23.40 Coroner**
- 00.25 Grey's Anatomy**
- 01.10 Insecure**
- 01.40 The Mentalist**
- 02.20 Saved by the Bell**
- 02.45 Friends**
- 03.05 Friends**
- 03.30 The Office**

Stöð 2 Sport

- 06.45 Þór Þ. - Grindavík** Útsending frá leik í 11. umferð Subway-deildar karla.
- 08.25 Haukar - KA/Þór** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
- 09.40 Seinni bylgjan**
- 10.10 Seinni bylgjan - jólaþáttur**
- 11.15 Selfoss - Fram** Útsending frá leik í 13. umferð Olís-deildar karla.
- 12.40 Seinni bylgjan**
- 13.30 Seinni bylgjan - jólaþáttur**
- 14.30 Foringjarnir - Jón Rúnar Halldórsson**
- 15.20 Subway Körfuboltakvöld**
- 16.20 Þór Þ. - Grindavík**
- 18.05 Stjarnan - Breiðablik** Bein útsending frá leik í Subway deildar karla.
- 20.00 Valur - KR** Bein útsending frá leik í Subway deildar karla.
- 22.00 Tilþrifin**
- 22.45 Stjarnan - Breiðablik**
- 00.25 Valur - KR**
- 02.05 Tilþrifin**

Stöð 2 Sport 2

- 06.30 Derby - West Brom**
- 08.10 QPR - Bournemouth**
- 09.55 Joventut Badalona - Real Madrid**
- 11.30 Suns - Warriors**
- 13.25 Derby - West Brom**
- 15.05 QPR - Bournemouth**
- 16.45 Valencia Basket - Obradoiro**
- 18.20 Joventut Badalona - Real Madrid**
- 20.00 Lokasóknin**
- 21.05 Football League Show**
- 21.30 Ensku deildabikarmörkin**
- 21.55 Heat - Magic**
- 23.50 Lokasóknin**



ÞAÐ ER BARA EIN

ÚTSALA

25.12 - 9.1



20% - 70% AFSLÁTTUR

ORMSSON

Reykjavík, Akureyri og ormsson.is

Var þetta jarðskjálfti?

Samfélagsmiðlar hafa aldrei verið vinsælli og hafa eflst í samkomutakmörkunum á heimsvísu. Ætla má að 4,48 milljarðar manna noti miðlana daglega sem er rúmlega 13 prósentu aukning síðan í fyrra. Samfélagsmiðlar eru vitaskuld brotakerndur aldarspegill sem þó segir sína sögu þar sem þetta bar hæst á árinu.

ninarichter@frettabladid.is

Þótt þrengt hafi að Facebook í harðnandi baráttu um athygli notenda heldur Facebook enn forystu sinni á Íslandi og var enn vinsælasti samfélagsmiðillinn. Messenger, YouTube, Instagram, Snapchat, Pinterest og Twitter fylgja, samkvæmt samfélagsmiðlamælingu Gallup í haust, misöflugir í humátt á eftir. Sautján prósent landsmanna nota TikTok og kannski kemur á óvart að aðeins átta prósent eru á stefnumóttafor-


ritinu Tinder. Snapchat-notkun hér á landi hefur dalað um átta prósent milli ára.

Þá er ný kynslóð samfélagsmiðlaforrita að ryðja sér til rúms og þannig nýtur BeReal-smáforritið vaxandi vinsælda meðal yngri notenda. Þar eru áherslurnar aðrar en á eldri forritum en sumir telja áherslubreytinguna svar við vaxandi vanlíðan ungmenna, sem hugsanlega má rekja til pressu frá veruleikabrenslun samfélagsmiðla glamúrsins. Á BeReal og sambærilegum forritum eins og NowNow er leitast við að efla samfélagshlutann með minni áherslu á söfnun á lækum. BeReal leitast við að útrýma möguleikanum á að fegra veruleikann, eins og nafnið felur í sér. „Be real“ eða „Verið sönn“. Samkvæmt sérfræðingum Vogue Business mun þessi tegund samfélagsmiðla hugsanlega leysa hina eldri af hólmi. ■

Nánar á frettabladid.is



Þá er ný kynslóð samfélagsmiðla að ryðja sér til rúms en BeReal-smáforritið nýtur vaxandi vinsælda meðal yngri notenda.



FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY



Árið á Twitter

Var þetta skjálfti?

Jarðskjálftahrina á Reykjanesskaga 2021 hófst 24. febrúar og náði hápunkti með eldgosi í Geldingadöllum nokkrum vikum seinna. Tístarar fóru jafnan fyrst á Twitter til að staðfesta að um skjálfta hefði verið að ræða.

Bassi Maraj og Bjarni Ben

Samfélagsmiðlastjarnan Bassi Maraj sagðist eiga til hugmyndir fyrir Sjálfstæðisflokkinn og þegar Bjarni tók vel í hugmyndina sagði Bassi Maraj skoðanir sínar umbúðalaust og spurði út í nýja stjórnarskrá, með orðum sem verða ekki prentuð hér.



#MeToo-bylgjur

Fyrsta stóra bylgja ársins á Twitter hófst í maí, í kjölfar tveggja kæra á hendur fjölmörgum lamanninum Sólvu Tryggvasyni. Nokkrar smærri #MeToo-bylgjur fylgdu í kjölfarið, þar sem notendur á Twitter deildu sögum af kynbundnu ofbeldi.



Japanski sendiherrann

Ryotaro Suzuki, sendiherra Japans á Íslandi, sló í gegn með skemmtilegum frásögnum af upplifun sinni af landi og þjóð. Glögg er gests augað og ljóst að íslenskum tisturum þótti gaman að sjá sitt eigið land og þjóð með augum einhvers sem kemur úr ólíkri menningu.

Meme-árið

Meme eru stuttar myndir eða orðasambönd sem notuð eru sem strigi eða skapalón fyrir brandara af ýmsum toga. Sníðmátið hentar vel fyrir ádeilur og endurspeglar oft hitamál augnabliksins hverju sinni.

Anakin og Padme í lautarferð

Heimsfaraldurinn lauk ekki í ár, eins og margir höfðu vonað. Þessi vonbrigði lyftu Anakin Padme meme-inu, sem varð vinsælt á heimsvísu. Þar er rómantísk sena úr Star Wars-myndinni „Attack of the Clones“ notuð sem strigi.




Vettlingarnir hans Bernie Sanders

Joe Biden, nýr Bandaríkjaforseti, var settur í embætti í janúar. Öldungadeildarþingmaðurinn Bernie Sanders mætti á innsetningarathöfnina klæddur vettlingum sem vöktu heimsathygli. Bernie var klipptur út og hann settur í aðstæður af öllum hugsanlegum toga.



Litla jarðóttan í Suez-skurðinum

Flutningaskipið Ever Given stíflaði Suezskurðinn í Egyptalandi í mars, og stöðvaði umferð um skurðinn um langa hríð. Ljósmynd af gröfu, sem virtist ógnarsmá við hliðina á skipinu, fór á flug á samfélagsmiðlum. Ljóst var að málinu yrði ekki reddað með þessari gröfu og eitt vinsælasta meme ársins var fætt.



Árið á Instagram

Ferðagrömm

Ísland rataði í heimspressuna vegna eldgossins í Geldingadöllum sem hófst í mars. Ferða-grammarar hérlendis sem gerðu út á íslenska náttúru sópuðu að sér fylgjendum í kjölfar ferðamannavæna eldgossins. Tónlistarfólk flutti tónlist og ástfangin pör trúlofuðust og giftu sig fyrir framan eldsumbrotin.

Átta áhrifavaldar í LXS hópnun


Um er að ræða vinkvennahóp sem heldur úti vinsælum reikningum sem



eiga það sameiginlegt að gera út á útlit og tisku. Áhrifavaldarnir fengu sér samstæð tattú með stöfunum LXS og héldu viðburði sem miðlað var á Instagram, þar sem söluvarningur var kynntur.



Íslenskir áhrifavaldar hakkaðir Reikningar áhrifavaldanna **Birgittu Lifar**, **Sunnevu Eirar** og **Kristínar Péturs** voru meðal þeirra fjölmörgu reikninga íslenskra áhrifavalda sem voru hakkaðir í sumar. Hakkarinn hafði sömuleiðis í hótunum við fleiri áhrifavaldar um að gera slíkt hið sama.



Árið á TikTok

Laufey Eilish

Tónlistarkonan Laufey hélt áfram að sópa að sér fylgjendum. Hún skipaði sér hratt í sæti vinsælustu samfélagsmiðlastjarna Íslands á síðasta ári þegar bandaríska poppstjarnan Billie Eilish deildi einu af myndböndum hennar á samfélagsmiðlum. Laufey er enn að keyra upp fylgjendafjöldann og ljóst að djassinn höfðaði sterkt til fólks á stormasömu ári.

Tik-takk fyrir eldgosíð

Líkt og í tilfelli Instagram var



árið gott fyrir TikTok-áhrifavaldar sem gerðu út á náttúru landsins, á borð við That Icelandic Guy. Embla Wigum hélt áfram að vera gríðarlega vinsæl. Embla og **Arnar Gauti Arnarson**, sem kallar sig Lil

Curly Haha á forritinu, keyrðu bæði yfir milljón fylgjenda múrinn.

Daði Freyr heillaði heiminn

Daði og Gagnamagnið tóku þátt í Júróvísjón í Rotterdam í maí og festu enn frekar í sessi vinsældir Daða sem Tiktok-stjörnu.



Boozt.COM

FASHION KIDS SPORT HOME BEAUTY

**2-3 DAGA
AFHENDING**

Happy Winter

SALE

Gleðilega hátíð

Um leið og við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða bendum við á að í verslunum okkar byrjar

RISA ÚTSALA
á morgun!



AFGREIÐSLUTÍMI NÆSTU DAGA
28. - 30. des. 11–18
Gamlársdag og nýársdag - LOKAÐ
Opið á Bildshöfða 2. janúar 13–17



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

Áramótablómin springa út eins og flugeldar á borðinu

Tinna Bjarnadóttir á og rekur blómaverslunina 1905 blómahús í nýja miðbænum á Selfossi. Hún fór í blóma-bransann til að eiga fyrir afborgunum af bílnum sínum og síðan er óhætt að segja að Tinna blómstri.

ninarichter@frettabladid.is

Tinna Bjarnadóttir, blómaskreytir og eigandi 1905 blómahúss, hefur í nógu að snúast enda jólin og áramótin háannatími í blómaskreytingabransanum.

„Við leggjum áherslu á að blanda aðeins öðruvísi blómum með þessum klassísku.“

Tinna segir blómaskreytinga-áhugann hafa byrjað fyrir tilviljun þegar hún var níttján ára. „Ég keypti mér bíl og þurfti að borga tryggingarnar af honum í janúar, en þá fékk ég mér starf í blómabúð. Þá var ekki aftur snúið,“ segir Tinna sem sérhæfir sig í viðburðum og þá sér í lagi brúðkaupum.

Tinna hefur bakgrunn í myndlist og segir að blómaskreytingunum megi líkja við skyndi-list. „Ég kalla þetta stundum instant-list. Í öðrum listgreinum vinnurðu kannski í einhverju verki rosalega lengi og færð síðan viðbrögð. En í mínu starfi, þá býrðu verkið til fyrir framan fólkið og færð viðbrögð strax. Þú þarft líka að kunna að lesa í fólkið.“

Fjölbreytt blómatíska

Aðspurð segir Tinna að fjölbreytileiki sé í tísku í blómaheiminum um þessar mundir. „Í ár eru mýkri litir en í fyrra. Covid hefur haft þau áhrif að fólk er meira heima við og vill hafa fallegt heima hjá sér, og hefur áttað sig á því hvað blómin gefa mikið.“

Hún segist bjóða upp á vönd hússins, sem breytist reglulega. „Hann er árstíðabundinn. Það er yfirleitt sama fólkið sem kemur, yfirleitt aðra hverja viku, þar sem blómin endast alveg þann tíma. Fólk velur ekki endilega alltaf uppáhalds-blómið sitt, og er tilbúið að leika sér meira,“ segir Tinna.

Alla leið á áramótum

Jól og áramót eru háannatími í blómaverslunum og segir Tinna að jólin í ár séu ef til vill jarðbundnari en fyrri ár. „Mér finnst jólin hafa



Tinna Bjarnadóttir blómaskreytir.

MYND/SESSELJA DAN RÓBERTSDÓTTIR



Tinna lærði blómaskreytingar í Garðyrkjuskólanum árið 2018, og þá var ekki aftur snúið.

MYND/BRYNJA DAN RÓBERTSDÓTTIR

verið klassískari og skandinavískari en oft áður.“

Aðspurð segir Tinna áramótablómin hjá sér yfirleitt leita í fjólubláa litinn. „Einhverra hluta vegna hefur fjólublátt alltaf verið tengt áramótunum hjá mér, með hvítum lit og glimmeri. Ég vinn með silfur, gull og kampavins-liti. En áramótin eru stutt tímabil og þá er gott að fara bara alla leið í glimmer og glansi,“ segir hún og hlær.

„Mér finnst glimmerið alltaf fallegt á áramótaborðinu, með hvítum eða fjólubláum túlipönnum og einhverju grænu með. Áramótin eru tíminn, af hverju ekki að leyfa sér það?“



Mér finnst glimmerið alltaf fallegt á áramótaborðinu, með hvítum eða fjólubláum túlipönnum og einhverju grænu með.

Blómin beint í vasann

Tinna hvetur fólk til að vera snemma á ferðinni þegar huga á að blómaskreytingum, og mælir með að fólk mæti í blómabúðina með vasann sem skreytingin á að fara í.

„Það fer yfirleitt vel þegar blómaskreytar vita í hvað blómin eru að fara og þá er hægt að sækja þetta daginn sem á að nota það, eins og til dæmis á gamlársmorgun. Þá verður þetta bara eins og flugeldar á borðinu.“

Aðspurð um ríkjandi strauma á komandi ári segir Tinna: „Vonandi getur fólk farið að gifta sig og halda veislur, þar komum við sterk inn. Ég held að við séum að halda áfram í ljósum og björtum litum, mjúkum litum. En ég held að þetta sé líka orðið þannig að við getum öll verið með okkar persónulega stíl.“ ■

Árangursríkur áratugur í Verbúð

odduraevar@frettabladid.is

Nína Dögg Filippusdóttir er einn framleiðenda ásamt því að fara með eitt aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Verbúðin. Frumsýningu fyrsta þáttar á RÚV að kvöldi annars dags jóla var tekið vægast sagt fagnandi í netheimum.

Nína Dögg er að vonum himinlifandi yfir viðtökunum og kippir sér ekki upp við neikvæðar athugasemdir Ásmundar Friðrikssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

„Maður er ótrúlega glaður að þetta hafi farið svona vel í flesta,“ segir Nína en Ásmundur Friðriksson sagðist í gær ósáttur við þá mynd sem þættirnir draga upp af landsbyggðarfólki.

„Það er aldrei hægt að gera öllum til geðs. Maður veit það en þegar



Lifið er listin og saltfiskur og Nína Dögg er hæstánægð með viðbrögðin við því sem er byrjað að renna af færibandinu frá Vesturportu.

MYND/RÚV

maður leggur af stað í svona ferðalag þá leggur maður allt undir og reynir að gera eins vel og maður getur og svo er það bara misjafnt hvernig það fer í fólk. Það er bara allt í lagi, það

er partur af listinni. Þannig er líf í listum skal ég segja þér,“ segir Nína æðrulaus.

Þættirnir gerast í smáþorpi á Vestfjörðum á árabílinu 1983 til 1991 þegar kvótakerfinu er komið á. „Þetta er byggt á sönnun sögum en persónurnar okkar skáldaðar,“ útskýrir Nína en gríðarleg eftirvænting hefur ríkt eftir þáttunum.

„Það var líka gríðarleg eftirvænting hjá okkur að koma þessu löksins í loftið og það er ákveðinn léttir. Það hefur rúmur áratugur farið í þetta, auðvitað með hléum og svona, en þetta hefur alltaf verið viðloðandi mann,“ segir Nína.

Hún segist vona að næstu þættir verði jafn umtalaðir og treystir í raun á það. „Það eru bara sjö þættir eftir, svo það verður af nægu að taka,“ segir Nína Dögg hlæjandi. ■



HÚSAMÍÐJAN

FYRIR ÞIG



Skoðaðu 80 síðna
útsöluþlað á husa.is

SÚPER ÚTSALA

Gerðu súperkaup

Rafmagnsverkfæri **20-40%** • Handverkfæri **20%** • Hillurekkar (Avasco) **20%** • Loftpressur (Stanley) **20%**
Verkfæratöskur **20%** • Spray, lökk (Painters Touch) **20%** • Ryksugur **20%** • Leikföng (Fischer) **35%** • Glær lökk (Finess) **20%**
Vegg og Tak (Málning) **35%** • Allar jólavörur **30-50%** • Parket **25%** • Flísar **35%** • Gjafavara **25%**
Vegg- og loftapiljur **25%** • Strauborð og þvottasnúrur **25%** • Matarstell, glös og könnur **30-50%**
Hnífapör og eldhúsáhöld **30%** • Glös og diskar **30-50%** • Pottar og pönnur **20-40%** • Klukkur **25%**
Bökunarvörur **30%** • Herðatré **30%** • Moppur og kústar **25%** • Hreinsiefni og áhöld **25%** • Box og körfur **25%**
Skálar og eldföst mót **30%** • Rykgrímur **30%** • Ljós (Gildir ekki af Hue) **25%** • Útivistafatnaður **25%**
Vinnufatnaður **20-25%** • Barnaöryggisvörur **30%** • Slökkvitæki og reykskynjarar **25%**
Handsóttþreinsivörur **30%** • Seríur og jóllaljós **30-50%** og margt fleira

Bakþankar

Kristbjargar
 Þórisdóttur



Lítu sérhvert sólarlag

Aðfangadagur mætti með magnaðri rísandi sól. Minnti á að senn tekur daginn að lengja og myrkrið vikur fyrir birtunni. Fram undan eru mót árunna. Árið 2021 kveður um leið og 2022 tekur við. Við þessi tímamót er gott að staldra við. Líta til baka og kíkja ofan í bakpokann. Hvað vil ég taka með inn í nýja árið? Hvað vil ég skilja eftir við veginn? Hvert stefni ég á komandi ári? Hvernig ætla ég að komast þangað? Það er hollt að íhuga hvað skiptir mestu máli í þessu lífi. Sjálf var ég minnt á það annan dag jóla. Sonur minn gleypiti of stórt jarðarber sem fór ofan í kok og olli því að um stund náði hann ekki andanum og hefði getað kafnað. Gamla skyndihjálpin dugði að þessu sinni þar sem okkur foreldrunum tókst að ná jarðarberinu út með því að slá á bak drengsins og nota Heimlich.

Þetta andartak kenndi á harkalegan hátt hvernig fótunum getur verið kippt undan okkur á svipstundu. Slysín gera ekki boð á undan sér. Á slíkri stundu erum við líka minnt á það að þegar upp er staðið er það öryggi barna okkar og ástvina sem skiptir öllu máli. Allur auður heimsins fölnar í samanburði við líf og heilsu barna okkar. „Lítu sérhvert sólarlag sem þitt hinsta væri það. Því að morgni eftir orðinn dag enginn gengur vísun að,“ orti Bragi Valdimar Skúla-son. Fögnum sólinni, munum að lífið verður aldrei sjálfsagt og þökkum fyrir hvern dag. Við erum búin að skrá okkur á skyndihjálparnámskeið og erum að vinna úr deginum. ■

ÚTSALA ÁRSINS
 ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

TÖLVUTEK
 Reykjavík • Mörkin 3 | Akureyri • Undirhlíð 2

Gleðilegt nýtt ár

Starfsólk Svefn & heilsu óskar landsmönnum öllum gleðilegs nýr árs og þakkar öll viðskipin á líðandi ári.

Svefn & heilsa
 ★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
 *Samkvæmt könnun frá Gallup.